FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

129. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 2. JÚNÍ 2017


## Heitt í hamsi á síðasta þingfundi

**ALÞINGI** Aðeins eitt mál lá fyrir sjö tíma löngum þingfundi í gær, degi eftir að þingfrestun var áætluð. Þingmönnum var heitt í hamsi og blótsyrði voru látin falla í pontu vegna ákvörðunar Sigríðar Á. Andersen dómsmálaráðherra um að hræra í lista dómnefndar yfir umsækjendur um embætti dómara við Landsrétt og skipta fjórum af þeim fimmtán hæfustu út fyrir aðra fjóra umsækjendur.

Ekki var mjótt á munum þegar til atkvæðagreiðslu kom. Sat þingflokkur Framsóknar hjá í málinu en þingmenn VG, Pírata og Samfylkingar kusu gegn tillögunni. – snæ

## Jóhannes leikur í stórmynd

**LÍFIÐ** Jóhannes Haukur Jóhannsson hefur fengið hlutverk í kvikmyndinni The Sisters Brothers. Hann leikur þar við hlið stórleikara á borð við Jake Gyllenhaal og Joaquin Phoenix. Tökur á myndinni fara fram á Spáni og heldur Jóhannes þangað á næstu dögum.

Myndin er byggð á samnefndri bók eftir Patric deWitt. – gha / sjá síðu 32

## Hannes leitar milljarða

**VIÐSKIPTI** Líftæknifélagið WuXi NextCODE, sem Hannes Smárason stýrir, hyggst sækja allt að 200 milljónir dala, jafnvirði um 19,7 milljarða króna, til fjárfesta á næstu vikum og mánuðum. Fjármögnuninni er ætlað að skjóta styrkari stoðum undir starfsemi félagsins á alþjóðavísu, sérstaklega í Kína. – kij / sjá síðu 2





Aðstöðu fyrir ferðamenn hefur verið komið upp í Raufarhólshelli og er gjaldtaka hafin. Heimsókn inn í hellinn kostar 4.900 krónur. Hann hafði verið lokaður frá því um áramót en fyrirtækið Raufarhóll tók landið á leigu í fyrra. Á meðal fjárfesta í Raufarhóli er Skúli Gunnar Sigfússon, kenndur við Subway. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson skrifar um fréttir af frægum. 13

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **EYESLAND GLERAUGNAVERSLUN**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015









# Velta Costco meiri en Bónuss

**Fyrstu dagana eftir opnun Costco var velta verslunarinnar meiri en í öllum verslunum Bónuss, um allt land. Um er að ræða mun stærri hlutdeild á markaði en keppinautar Bónuss og Krónunnar hafa hingað til haft.**

**VERSLUN** Vísbendingar eru um að velta í Costco hafi verið meiri en velta Bónuss fyrstu daga eftir opnun verslunarinnar, samkvæmt tölum Meniga. Þær upplýsingar byggja á kortaveltu. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var veltan í Costco 32 prósent af heildarveltunni á dagvörumarkaði á fyrstu dögum eftir opnun en markaðshlutdeild Bónuss var 28 prósent. Meniga hefur ekki viljað gera tölurnar opinberar í ljósi þess að enn á eftir að fullvinna upplýsingarnar. Þetta er mun meiri markaðshlutdeild en keppinautar Bónuss og Krónunnar á markaðnum hafa hingað til haft.

Tölurnar eru eftirtektarverðar í ljósi þess að Bónus rekur 32 verslanir um allt land, þar af 20 á höfuðborgarsvæðinu. Costco rekur hins vegar eina verslun í Kauptúni í Garðabæ. Á hinn bóginn selur Costco meira en bara dagvöru. Það eru oft vörur sem kosta tugi þúsunda. Verslanirnar eru því ekki að öllu leyti sambærilegar. Tölurnar benda engu að síður til aukinnar samkeppni á dagvörumarkaði með opnun Costco.

Samkeppniseftirlitið gaf út skýrslu um samkeppni á dagvörumarkaði árið 2015. Þar er vakin athygli á að ójöfn kjör verslana hjá birgjum kynnu að hindra samkeppni á lágvöruverðsmarkaði. Nokkrir nýir aðilar hafi náð að hasla sér völl á dagvörumarkaði og samkeppni því aukist. Þar er vísað til þess að verslanakeðjan 10-11 var seld frá Högum árið 2011 og til varð sjálfstæð eining sem sameinaðist síðan Iceland verslununum. Að auki voru verslanirnar Kostur og Víðir settar á fót.

> **32%**
> af heildarveltu á dagvörumarkaði var velta Costco fyrstu dagana eftir opnun.

„Ef umræddar verslanir (og hugsanlega fleiri keppinautar) eiga að hafa raunhæfa möguleika á að hasla sér völl á lágvörumarkaði fyrir dagvörur er nauðsynlegt að birgjar jafni kjör verslana nema þeir geti sýnt fram á að hlutlægar ástæður réttlæti mismunandi kjör. Að mati Samkeppniseftirlitsins er mikið verk óunnið í þessu sambandi,“ segir í skýrslunni.

Fullyrt var í Viðskiptablaðinu í gær að Hagar hefðu sent íslenskum framleiðendum skilaboð um að ef þeir hygðust selja vörur sínar í Costco yrðu þær teknar úr hillum Bónuss og Hagkaupa. Finnur Árnason, forstjóri Haga, segir þessar fullyrðingar vera rógburð. jonhakon@frettabladid.is




## Veður




Áfram strekkings norðaustanátt NV-til í dag, en lægir annars staðar. Væta með köflum í flestum landshlutum. Hiti 6 til 14 stig.

SJÁ SÍÐU 22

# Í sumarham



Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra hélt glaður inn í sumarið í gær eftir síðasta dag þingsins, þegar þingmenn héldu í sumarfrí og andrúmsloftið léttist til muna. Mikill hasar var á síðustu dögum þingsins og stíft fundað um tillögur Sigríðar Andersen dómsmálaráðherra um skipan dómara í Landsrétt. Þá var fundað fram á nótt daginn áður, meðal annars um fjármálaáætlun og jafnlaunavottun. Öll þrjú málin voru samþykkt. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Vilja styrkja starfsemi í Kína

**VIÐSKIPTI** Stjórnendur líftæknifélagsins WuXi NextCODE funda um þessar mundir með mögulegum fjárfestum, en heimildir Reuters herma að fjárfestingarsjóðirnir Hillhouse Capital og Sequoia Capital hafi sýnt áhuga á að fjárfesta í félaginu, sem Hannes Smárason stýrir. Vonast er til að fjármögnuninni ljúki í júlí.

WuXi NextCODE lauk 75 milljóna dala fjármögnun í byrjun síðasta mánaðar. Sjóðirnir Temasek, sem er í eigu singapúrska ríkisins, og Yunfeng Capital, sem er í eigu Jacks Ma, stofnanda Alibaba, lögðu m.a. félaginu til



Hannes Smárason

75 milljónir dala, um 7,4 milljarða króna. Þess má geta að Temasek er stór hluthafi í Alvogen, lyfjafyrirtæki Róberts Wessman. Sjóður á vegum Amgen, bandaríska lyfjarisans sem keypti Íslenska erfðagreiningu 2012, tók líka þátt í fjármögnuninni.

Fjármögnuninni er ætlað að skjóta styrkari stoðum undir starfsemi félagsins á alþjóðavísu, sérstaklega í Kína, þar sem líftæknigeirinn vex hratt. Sjálfur hefur Hannes sagt að félagið geti orðið leiðandi í heiminum á sínu sviði.

Hannes var ráðinn forstjóri WuXi NextCODE í mars. Áður hafði hann setið í yfirstjórn félagsins. Hann kom að stofnun NextCODE, dótturfélags Íslenskrar erfðagreiningar, 2013, en félagið seldi sjúkdómsgreiningar til lækna og sjúkrahúsa í Bandaríkjunum. Líftæknirisinn WuXi AppTec keypti NextCODE á 8,5 milljarða króna í byrjun árs 2015 og í kjölfarið sameinaðist félagið öðru líftæknifélagi, WuXi Genome Center, og til varð WuXi NextCODE. Félagið starfrækir skrifstofur í Sjanghaí, Bandaríkjunum og Reykjavík. **– kij**

## Milljóna ráðgjöf keypt af innmúruðum

**STJÓRNSÝSLA** Fjármálaráðuneytið keypti sérfræðiráðgjöf af lögmannsstofunni Juris fyrir 107 milljónir á árunum 2013-15 án þess að samningur væri gerður. Þetta kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Í eigendahópi Juris eru þrír sem hafa í gegnum tíðina verið á framboðslistum Sjálfstæðisflokksins eða gegnt trúnaðarstörfum fyrir hann, Lárus Blöndal, Vífill Harðarson og Sigurbjörn Magnússon.

Í yfirlýsingu frá ráðuneytinu segir að ráðgjöf Juris hafi snúið að þjóðlendumálum sem hafi verið í gangi frá árinu 1998. Það hafi fallið í hlut ráðuneytisins að leggja fram kröfulýsingu ríkisins í hverju einu og einasta máli sem er til meðferðar hjá óbyggðanefnd.

Málið er í endurskoðun hjá ráðuneytinu. **– jóe**




# Fjölskyldugarðurinn alveg að grotna niður

**Fjölmörg leiktæki í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum eru orðin gömul og úr sér gengin. Sum jafnvel ónýt og verða ekki í notkun í sumar. Um 35 milljónir kostar að endurnýja tækin og vonar forstöðumaðurinn að nú verði spyrnt við fótum.**

**MANNLÍF** „Ef Reykjavíkurborg ætlar að hafa þessa starfsemi þá er það skylda hennar að sjá til þess að rekstrinum og viðhaldi sé sinnt. Það eru mörg sóknarfæri í þessari skemmtilegu starfsemi,“ segir Tómas Óskar Guðjónsson, forstöðumaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins en mörg tæki þarfnast endurnýjunar, viðhalds og margt er hreinlega orðið ónýtt. Nokkur tæki verða ekki í notkun í sumar vegna niðurskurðar á atvinnu fyrir unglinga. Fyrir utan leiktækin eru girðingar löngu úr sér gengnar. Alvarlegast sé þó aðstöðuleysi, fyrir kennslu og starfsfólk sem uppfyllir ekki lágmarkskröfur.

Kostnaður við endurnýjun og viðgerðir er áætlaður 32,4 til 37,4 milljónir króna, fyrir utan kostnað vegna girðinga og starfsmannaaðstöðu. Þetta kemur fram í svörum sviðsstjóra ÍTR við fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina.

Listinn yfir tæki sem þarf að laga er langur. Krakkafoss, báturinn frægi sem snýst, er viðhaldsfrekur og þarfnast endurnýjunar enda á fermingaraldri. Lestin er 16 ára og í henni þarf að endurnýja rafgeyma. Komið er að því að endurnýja hluta af ökuskólabílunum, öll ljósin í hinni 15 ára hringekju eru ónýt, fallturninn er áratugagamall, brunabíllinn er ónýtur, litli leikkastalinn sjúskaður og Naglfar, stóra leikkastalaskipið, þarf að mála og dytta að.

Þá er æskilegt að setja viðunandi undirlag eins og er við skóla við skipið. Fjölga þarf rafmagnsbílum fyrir yngri börn og bæta akstursaðstöðu.

Tómas segir að hann vonist eftir auknu fjármagni. „Eftir langvarandi hlé verða vonandi stigin fyrstu skrefin til að bæta garðinn. Það hefur staðið til að gefa í frá því fyrir hrun. Þetta er mikið til uppsafnað. Nú þurfa allir góðir menn að taka höndum saman og gefa í.“ **benediktboas@365.is**



**Litli leikkastalinn er orðinn mjög sjúskaður en það er ekki hægt að mála hann enda plasthúðaður.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Ef Reykjavíkurborg ætlar að hafa þessa starfsemi þá er það skylda hennar að sjá til þess að rekstrinum og viðhaldi sé sinnt. Það eru mörg sóknarfæri í þessari skemmtilegu starfsemi.**
>
> Tómas Óskar Guðjónsson, forstöðumaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins



### Það sem þarf að gera

**Tæki sem þarfnast endurnýjunar**
Krakkafoss (14 ára)
Fallturninn (10 ára)
Lestin (16 ára)
Hringekja (15 ára)
Fjölga þarf rafmagnsbílum fyrir yngri börn og bæta akstursaðstöðuna
Naglfar (leikkastalaskipið)
Litli leikkastalinn

**Tæki sem eru ónýt**
Öll ljós í Hringekju
Brunabíllinn sem stendur við Barnaborg (smáhýsin)
Öll átta gormaleiktæki
Rennibraut við Naglfar



# TAKTU SKREFIÐ

## SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

NÁMSBRAUTIR Á HAUSTMISSERI

### Á GRUNNSTIGI

LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI
***STAÐNÁM - FJARNÁM***

NÁM Í UNDIRSTÖÐUATRIÐUM
HUGRÆNNA ATFERLISFRÆÐA

NÁM TIL LÖGGILDINGAR
FASTEIGNA- OG SKIPASALA
***STAÐNÁM - FJARNÁM***

ÖKUKENNARANÁM TIL ALMENNRA RÉTTINDA

### Á FRAMHALDSSTIGI

JÁKVÆÐ SÁLFRÆÐI

SÉRFRÆÐINÁM Í HUGRÆNNI ATFERLISMEÐFERÐ
FYRIR SÁLFRÆÐINGA OG GEÐLÆKNA

### NÁMSLÍNUR ÁN EININGA

FJÁRMÁL OG REKSTUR
***STAÐNÁM – FJARNÁM***

FORYSTA TIL FRAMFARA
– LEIÐ STJÓRNENDA TIL AUKINS ÁRANGURS

HUGRÆN ATFERLISFRÆÐI FYRIR LÆKNA

HUGUR OG HEILBRIGÐI – GERÐU GOTT LÍF BETRA

STUÐNINGUR VIÐ EINSTAKLINGA ÚT FRÁ FJÖLSKYLDUSÝN

VERKEFNASTJÓRNUN OG LEIÐTOGAÞJÁLFUN

VIÐURKENNDUR BÓKARI
***STAÐNÁM – FJARNÁM***

**UMSÓKNARFRESTUR TIL 5. JÚNÍ**

FLESTAR NÁMSBRAUTIR ENDURMENNTUNAR ERU LÁNSHÆFAR

NÁMSRÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR: SÍMI 525 4444
ENDURMENNTUN.IS

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# LANDSRÉTTUR

## Spyr hvort vinatengsl hafi ráðið för við skipan dómaranna

„Breyting ráðherra á niðurstöðu dómnefndar er því öðrum þræði á skjön við eigin rökstuðning. Það leiðir hugann að því að önnur og ef til vill ólögmæt sjónarmið hafi ráðið mati ráðherra á hæfi umsækjenda,“ segir í bréfi Jóns Höskuldssonar héraðsdómara til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar.

Jón var metinn ellefti hæfasti umsækjandinn í starf dómara í Landsrétti en var ekki í tillögum dómsmálaráðherra um þá fimmtán sem skipa ber í starfið.

Í bréfi sínu til nefndarinnar andmælir Jón tillögu dómsmálaráðherra og segir: „Af þessu tilefni leyfir undirritaður sér að vekja athygli stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis á því að með tillögu ráðherra er undirritaður tekinn út einn héraðsdómara án þess að finna megi ástæðu þessa í skýringum ráðherrans. Undirritaður var skipaður héraðsdómari 15. maí 2010, eða fyrir sjö árum. Meðal þeirra sem ráðherra gerir tillögu um er héraðsdómari sem skipaður var sama dag og undirritaður og hefur því gegnt embætti héraðsdómara nákvæmlega jafn lengi.“

> Lét dómari stjórnmálaskoðanir (fortíðar) ráða þegar tilteknir umsækjendur voru látnir gossa út af dómnefndarlistanum?
>
> Jóhannes Karl Sveinsson, hæstaréttarlögmaður



Jóhannes Karl Sveinsson hæstaréttarlögmaður ritaði nefndinni einnig umsögn. Hann segir tillögu ráðherra stefna í að vera ríkinu dýr vegna bótaréttar sem skapast. „Lét dómari stjórnmálaskoðanir (fortíðar) ráða þegar tilteknir umsækjendur voru látnir gossa út af dómnefndarlistanum? Urðu vina- og pólitísk tengsl til þess að aðrir voru teknir inn í þeirra stað o.s.frv. Svona hugsanir vill maður ekki þurfa að hlusta á í eigin höfði en það er því miður óhjákvæmilegt.“

Í umsögn Lögmannafélags Íslands segir að félagið telji ákvörðun dómsmálaráðherra síst til þess fallna að skapa nýjum dómstól það traust og veganesti sem nauðsynlegt sé í lýðræðisþjóðfélagi. „Að sama skapi eru það vonbrigði að ráðherra, sem var starfandi lögmaður, geri jafn lítið úr lögmannsreynslu, samanborið við reynslu af dómsstörfum, og raun ber vitni.“ – snæ

## Tíðrætt um traust Alþingis

**Ríkisstjórnarflokkarnir höfðu betur gegn minnihlutanum þegar kosið var um tillögu dómsmálaráðherra um fimmtán dómara við Landsrétt. Alþingismönnum var heitt í hamsi í umræðum um málið. Dómsmálaráðherra var á öðru máli í febrúar en nú.**

Aðeins eitt mál lá fyrir sjö tíma löngum þingfundi í gær, degi eftir að þingfrestun var áætluð. Þingmönnum var heitt í hamsi og blótsyrði voru látin falla í pontu vegna ákvörðunar Sigríðar Á. Andersen dómsmálaráðherra um að hræra í lista dómnefndar yfir umsækjendur um embætti dómara við Landsrétt, og skipta fjórum af þeim fimmtán hæfustu út fyrir aðra fjóra umsækjendur.

Fyrir lá að tveir þingmenn yrðu fjarverandi við atkvæðagreiðsluna, þau Brynjar Níelsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, og Svandís Svavarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna. Brynjar er eiginmaður Arnfríðar Einarsdóttur sem færð var upp á lista Sigríðar en Svandís fyrrverandi eiginkona Ástráðs Haraldssonar, sem færður var niður í sömu andrá.

Umræður í þingsal snerust að megninu til um rökstuðning ráðherra, eða skort á rökstuðningi hans, í málinu. Reifuð voru jafnréttissjónarmið, því með ákvörðun Sigríðar verða kvendómarar sjö talsins og karldómarar átta. Þá tókust á sjónarmið um hvort Sigríður hefði lagalega heimild til að gera þær breytingar sem hún gerði, ítarlega var farið yfir þá bótaábyrgð sem hún gæti með ákvörðuninni skapað ríkinu og hvaða áhrif ákvörðunin hefði á virðingu og traust Alþingis og hins nýja Landsréttar.



„Mér sýnist á öllu að gamla Ísland vinni, jibbý“ sagði Birgitta Jónsdóttir háðskt í atkvæðagreiðslunni í gær og gekk úr pontu. Í bakgrunni situr ráðherra dómsmála, Sigríður Á. Andersen, með óræðan svip. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Eins og áður segir stóð til að fresta þingi á miðvikudag og voru þingmenn margir hverjir komnir í sumarstellingar. Það voru því átta varaþingmenn sem tóku þátt í atkvæðagreiðslunni þar sem útlit var fyrir að svo mjótt yrði á munum að ekki mætti taka neina áhættu með mætingu þingmanna í þingsal.

Að endingu varð niðurstaðan sú að alls ekki var mjótt á munum. Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að stjórnarandstaðan hafi, ekki mjög löngu fyrir atkvæðagreiðslu, reynt að stilla saman strengi um hvernig kjósa bæri í málinu. Niðurstaðan varð þó sú að þingflokkur Framsóknar sat hjá í málinu en Vinstri græn, Píratar og Samfylking kusu gegn tillögu dómsmálaráðherra. Atkvæði fóru því svo að 31 þingmaður stjórnarliðsins kaus með tillögu Sigríðar, 22 greiddu gegn henni og 8 sátu hjá.

snaeros@frettabladid.is



**Óttarr Proppé**

„Rökstuðningur er ekki endilega betri ef hann er á fleiri [...]. Margar af þeim merkustu upplýsingum, bókum og svo framvegis sem ég hef lesið, segjum t.d. bara Bókin um veginn, eru mjög stuttar.“



**Katrín Jakobsdóttir**

„Minnihlutinn á Alþingi hefur gert athugasemdir við röksemdir ráðherra og telur ekki sýnt, út frá rökstuðningnum, að rannsóknarskyldu hafi verið fylgt.“



**Pawel Bartoszek**

„[Þingmaðurinn] sagði í einni setningu að hér væri ráðherra að velja dómara sem eru henni þóknanlegir en ákvörðun Pírata snerist ekki um þetta tiltekna fólk. Ég veit ekki hvort háttvirtum þingmanni þykir gæta ákveðinnar mótsagnar þarna en mér þykir gera það.“



**Jón Þór Ólafsson**

„Þingmaðurinn hlær. Þingmenn verða að átta sig á því að á þetta þing veljast almennir borgarar sem eru ekki allir lögmenn og við þurfum fokking tíma til þess að geta unnið þetta mál.“

### Þessi verða dómarar við Landsrétt

Aðalsteinn E. Jónasson
Arnfríður Einarsdóttir
Ásmundur Helgason
Davíð Þór Björgvinsson
Hervör Þorvaldsdóttir
Ingveldur Einarsdóttir
Jóhannes Sigurðsson
Jón Finnbjörnsson
Kristbjörg Stephensen
Oddný Mjöll Arnardóttir
Ragnheiður Bragadóttir
Ragnheiður Harðardóttir
Sigurður Tómas Magnússon
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson
Þorgeir Ingi Njálsson

### Skipt um skoðun

Meðal raka Sigríðar Á. Andersen dómsmálaráðherra fyrir því að hræra í niðurstöðu nefndarinnar var að reynsla af dómarastörfum hefði haft minna vægi en efni stóðu til. Af þeim sem voru skipaðir dómarar eru átta sem starfa við dómstóla landsins, sex héraðsdómarar, settur hæstaréttardómari og dómstjóri.

Í ræðu á Alþingi, þann 7. febrúar síðastliðinn, sagði Sigríður meðal annars um skipan landsréttardómara: „Það er mjög mikilvægt að til starfa þar veljist fólk með ólíkan bakgrunn úr heimi lögfræðinnar, ekki bara núverandi embættisdómarar eða menn sem hafa sinnt dómstörfum heldur líka alls kyns öðrum lögfræðistörfum.“




# GRANDI 1 ÁRS

1 árs

## NÚ FÖGNUM VIÐ 1 ÁRS AFMÆLI RÚMFATALAGERSINS Á GRANDA OG BJÓÐUM UPP Á FRÁBÆR TILBOÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM OKKAR!

ALLIR PLASTKASSAR
**20-40%**
AFSLÁTTUR

ÖLL GARÐHÚSGÖGN
**20%**
AFSLÁTTUR*

MOSKUSDÚNSÆNG

GOLD EINSTÖK GÆÐI

DÖNSK GÆÐAVARA

Netgíró

Flora Danica
Koddi
50 x 70 sm.
~~9.995~~
nú 5.995

Allt að **50%** afsláttur

FULLT VERÐ: 29.990

**14.990**

**FLORA DANICA DÚNSÆNG**
Vönduð dúnsæng fyllt með 90% af hvítum moskusdúni og 10% af moskusfjöðrum. Hentar vel fyrir þá sem hættir til að fá ofnæmi því áklæðið er þéttofið úr 100% bómull sem hindrar að rykmaurar og bakteríur safnist saman. Sængin er saumuð í ferninga með veggjum á milli hólfa svo dúnninn haldist jafn yfir sængina. Fylling: 600 gr. Burðargeta 11. Sængurtaska fylgir. Má þvo við 60°C. Stærðir: 135 x 200 sm. Vnr. 4116850, 4229804

Allt að **44%** afsláttur

**BALLERUP BORÐ**
Úr hvítu melamíni með krómfótum.
Stærð: Ø90 x H73 sm. **17.950** nú **9.990**
Stærð: B76 x L120 x H72 sm. **13.950** nú **8.990**
Vnr. 3656193, 3644333, 3644328

VERÐ NÚ FRÁ:
**8.990**

Allt að **25%** afsláttur

VERÐ NÚ FRÁ:
**1.995**

**TAPS INNSKOTSBORÐ**
Falleg borð með eikarfótum.
Stærð B40 x L40 H40 sm. **2.495** nú **1.995**
Stærð B55 x L55 H45 sm. **3.995** nú **2.995**
Vnr. 3648084, 3648086

ÖLL BARNA-HANDKLÆÐI OG BARNASÆNGURVER
**25%**
AFSLÁTTUR

**GOLD T30 YFIRDÝNA**
Virkilega vönduð yfirdýna úr MEMORY FOAM svampi með þrýstijafnandi eiginleika. Lagar sig vel að líkamanum og veitir góðan stuðning. Endingargott áklæði sem hægt er að taka af og þvo við 60°C. Dýnan er 4,5 sm. þykk. Vnr. 3419723

GOLD EINSTÖK GÆÐI

CertiPUR Europur AISBL – www.europur.com

WELLPUR® MEMORY FOAM

| | | | |
|---|---|---|---|
| 80 x 200 sm. | 12.950 | nú | 8.995 |
| 90 x 200 sm. | 14.950 | nú | 10.465 |
| 120 x 200 sm. | 19.950 | nú | 13.965 |
| 140 x 200 sm. | 24.950 | nú | 17.465 |
| 160 x 200 sm. | 26.950 | nú | 18.865 |
| 180 x 200 sm. | 29.950 | nú | 20.965 |

**30%** afsláttur

VERÐ NÚ FRÁ:
**8.995**

ALLAR ÁBREIÐUR
**30%**
AFSLÁTTUR

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

***GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM**
***TILBOÐIN GILDA AÐEINS ÚT MÁNUDAGINN 5. JÚNÍ**

**www.rumfatalagerinn.is**
**GILDIR 02.06 - 05.06**

# Fyrrverandi eigandi Strawberries íhugar rétt sinn

**DÓMSMÁL** Viðar Már Friðfinnsson, fyrrverandi eigandi kampavínsklúbbsins Strawberries, hefur verið dæmdur í tólf mánaða fangelsi fyrir meiriháttar skattalagabrot. Mun hann ekki hafa staðið skil á virðisaukaskatti og staðgreiðslu í rekstri staðarins.

> Hann telur brotið á sér og eðlilega mun hann leita réttar síns.
>
> Páll Kristjánsson, lögmaður

Þá var hann einnig dæmdur til greiðslu sektar í ríkissjóð upp á 242 milljónir króna en sýknaður af kröfu ákæruvaldsins um upptöku eigna í eigu félaga hans.

Viðar hefur krafist þess í tæp fjögur ár að kyrrsetningu eigna verði aflétt. Að sögn Páls Kristjánssonar, lögmanns Viðars, mun hann koma til með að skoða rétt sinn.

„Hann telur á sér brotið og eðlilega mun hann leita réttar síns. Miðað við dóm héraðsdóms voru félög í hans eigu sýknuð af upptöku eigna. Á móti hafa eignir farið á uppboð og hann misst eignir undir raunvirði,“ segir Páll og bætir því við að fjárhagslegt tjón Viðars vegna þessa sé verulegt. „Félög hafa eyðilagst og farið í gjaldþrot.“ – þea

## Eyðileggingin alger



Þessir þungvopnuðu írösku hermenn stóðu vörð innan um húsarústir í Zanjili-hverfinu í vesturhluta borgarinnar Mósúl í gær. Nærri þeim er víglínan þar sem samlandar þeirra berjast við vígamenn hryðjuverkasamtakanna sem kenna sig við íslamskt ríki. Orrustan um borgina hefur staðið mánuðum saman og hefur íraski herinn náð stærstum hluta borgarinnar á sitt vald. Fjöldi hefur flúið borgina vegna átakanna. NORDICPHOTOS/AFP






# Fjórðungur kostnaðar launa vegna verktaka

**Hlutfall kostnaðar RÚV vegna verktaka hefur verið stöðugt undanfarin ár. Fjöldi verktaka sem vinna þar hleypur á hundruðum á hverju ári. Aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ telur að hlutfallið sé hátt miðað við eðli starfseminnar.**

**KJARAMÁL** Hlutfall kostnaðar Ríkisútvarpsins vegna verktaka hefur verið stöðugt undanfarin ár, eða um 25 prósent af heildarlaunakostnaði. Þetta kemur fram í athugasemd Margrétar Magnúsdóttur, skrifstofustjóra RÚV, vegna fréttar Fréttablaðsins í gær.

Þannig vísar stofnunin á bug vangaveltum þingmannsins Kolbeins Óttarssonar Proppé um að verktökum fjölgi. „Maður hefur heyrt það að verktakar séu í auknum mæli að sinna starfinu og ekki bara að taka þátt og þátt, heldur séu að sinna fullri starfsskyldu en séu ekki fastráðnir starfsmenn heldur verktakar,“ sagði Kolbeinn í Fréttablaðinu í gær.

Kolbeinn spurðist fyrir um málið á Alþingi og krafðist skriflegra svara frá Kristjáni Þór Júlíussyni. Í svari ráðherra, sem byggir á svari RÚV, kemur fram að verkefni þeirra verktaka sem vinna fyrir Ríkisútvarpið séu afar mismunandi, allt frá því að til dæmis tónlistarmaður komi fram í eitt skipti í einum þætti eða til dagskrárgerðar í nokkra mánuði. „Þá eru ýmis tilfallandi eða tímabundin verkefni sem ekki koma að dagskrá unnin í verktöku. Verktakar sem vinna fyrir Ríkisútvarpið samkvæmt þessari skilgreiningu skipta hundruðum á hverju ári,“ segir í svarinu.

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, telur hlutfall verktaka vera hátt. „Miðað við eðli starfseminnar finnst mér það vera óeðlilegt hlutfall,“ segir hann og bendir á að þýðendur hafi gagnrýnt mikið verktakasamninga hjá RÚV og einnig hafi verktakasamningar við tæknimenn verið gagnrýndir.



Verktakar hjá RÚV skipta hundruðum á hverju ári. Verktakasamningar hjá stofnuninni hafa verið gagnrýndir nokkuð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Svöruðu fyrirspurn 11. apríl

Í upphafi vikunnar gagnrýndi Kolbeinn Óttarsson Proppé harðlega á fundi Alþingis að hann hefði ekki fengið svör frá menntamálaráðherra við fyrirspurn sinni, tveimur mánuðum eftir að hann lagði hana fram. Fréttablaðið fékk þær upplýsingar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu að fyrirspurninni hefði ítrekað verið beint til RÚV. Margrét segir í svarinu að svar RÚV hafi borist ráðuneytinu þann 11. apríl síðastliðinn. Ráðuneytið hafi síðan óskað eftir frekari upplýsingum.

> Miðað við eðli starfseminnar finnst mér það vera óeðlilegt hlutfall.
>
> Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ



„Það sem maður sér fyrir sér að geti verið eðlilegur hluti af verktökunni er einhvers konar þáttagerð eða því um líkt,“ segir Halldór og veltir fyrir sér hvert hlutfall verktöku af heildarlaunakostnaði sé hjá 365 í samanburði við RÚV. 365 rekur meðal annars Fréttablaðið, Stöð 2, Bylgjuna og Vísi. Fréttablaðið spurði í gær Ingibjörgu Pálmadóttur, forstjóra 365, út í málið en hefur ekki fengið svör. jonhakon@frettabladid.is










OPIÐ:

11-19 Á HVÍTASUNNUDAG

10-21 Á ANNAN Í HVÍTASUNNU

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Píratar töldu frumvarp opna fyrir ársreikninga

**Frumvarp þingflokks Pírata um aukinn aðgang almennings að fyrirtækjaskrá var samþykkt á Alþingi en opnaði ekki á gjaldfrjálsan aðgang að ársreikningum fyrirtækja. Önnur lög gilda um reikningana eins og ríkisskattstjóri benti á.**

**ALÞINGI** Þingflokkur Pírata taldi að frumvarp hans um aukinn aðgang að fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra (RSK), sem var samþykkt á Alþingi á miðvikudag, myndi opna gjaldfrjálsan aðgang almennings að ársreikningum fyrirtækja. Svo varð ekki enda gilda önnur lög um ársreikninga en þau sem frumvarpið breytti.

Embætti RSK benti í umsögn sinni um frumvarpið á að af greinargerð þess mætti ráða að þingflokkurinn hefði gert ráð fyrir að breyting á lögum um fyrirtækjaskrá myndi leiða til gjaldfrelsis hjá ársreikningaskrá. Svo væri ekki þar sem lagaákvæði um þá skrá væri að finna í lögum um ársreikninga.

Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata, var fyrsti flutningsmaður frumvarpsins en það var lagt fram í byrjun febrúar. Þremur dögum síðar las hann greinargerðina upp í ræðu á Alþingi. Umsögn RSK barst rúmum mánuði síðar og mætti Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, á fund efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis og lýsti yfir stuðningi við frumvarpið. Benedikt sagðist þó vilja ganga lengra með opnun ársreikningaskrár og hluthafaskrár á næstu árum og segir Smári McCarthy það hafa verið markmið Pírata frá upphafi.

„Það má kalla þetta „feil“ en við ætluðum að ganga alla leið strax í upphafi en svo ákváðum við að milda þetta því við vorum ekki viss hversu mikið þetta myndi kosta og hversu mikilli mótstöðu þetta myndi mæta. Þegar við lögðum þetta fram vorum við búin að milda texta frumvarpsins en breyttum ekki greinargerðinni. Núna vitum við hvað það mun kosta að opna ársreikningaskrá líka og hlutafélagaskrá og við fengum miklu meiri stuðning við frumvarpið en við áttum von á og við því komin í ágætis aðstöðu til að klára þetta,“ segir Smári McCarthy, þingmaður Pírata og framsögumaður nefndarálits meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, um frumvarpið.

Frumvarpið var fyrst lagt fram á Alþingi í október 2015 og í greinargerð þess var einnig bent á að upplýsingar úr ársreikningum væru ekki aðgengilegar almenningi. Samþykkt frumvarpsins þýðir að frá og með næstu áramótum verða allar þær upplýsingar sem skráðar eru í fyrirtækjaskrá, svo sem kennitölur forráðamanna allra skráðra félaga hér á landi, aðgengilegar á vef RSK.

haraldur@frettabladid.is



Frumvarpið var lagt fram af Birgittu Jónsdóttur, Einari Brynjólfssyni og Smára McCarthy auk sjö annarra þingmanna Pírata. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Það má kalla þetta „feil“ en við ætluðum að ganga alla leið strax í upphafi.**
>
> Smári McCarthy, þingmaður Pírata



## Milljónatap ríkisins af Stím-málinu

**DÓMSMÁL** Ríkið tapar milljónum króna vegna vanhæfis Sigríðar Hjaltested, eins þriggja dómara í Stím-málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur. Hæstiréttur úrskurðaði í gær að aðalmeðferð þyrfti að fara aftur fram í héraði þar sem fyrrverandi eiginmaður Sigríðar kom við sögu í gögnum málsins.

Hlaut Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, fimm ára fangelsisdóm, Jóhannes Baldursson, fyrrverandi framkvæmdastjóri markaðsviðskipta, hlaut tveggja ára dóm og Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, fyrrverandi forstjóri Sögu Capital, átta mánaða dóm. Áfrýjunarkostnaður fyrir Hæstarétti lendir á íslenska ríkinu, þar með talin málsvarnarlaun, 1.240 þúsund krónur á hvern verjanda.

Það sama var uppi á teningnum í Aurum-málinu 2015, en það var sent aftur í hérað. Í febrúar ómerkti Hæstiréttur svo dóm í Marple-málinu vegna vanhæfis sérhæfðs meðdómara. Lögmönnum sem Fréttablaðið ræddi þá við bar saman um að kostnaður vegna þess gæti hlaupið á tugum milljóna. **– þea**



Lárus Welding, fv. forstjóri Glitnis

## Slökktu eld í Skorradal

**BRUNI** Slökkviliðsmenn í Borgarbyggð voru kallaðir út um kvöldmatarleytið í gærkvöld eftir að tilkynning barst um eld í sumarbústað í Skorradal. Slökkvistarf gekk vel og var verið að slökkva í síðustu glæðunum rúmlega níu. Bústaðurinn, sem var mannlaus, er ónýtur.

„Hann stendur kannski hálfur eftir uppi,“ segir Bjarni Kristinn Þorsteinsson, slökkviliðsstjóri í Borgarnesi. Eldsupptök liggja ekki fyrir en talið er að hann hafi kviknað út frá rafmagni. **– jóe**



Mikil sorg ríkti vegna slyssins. NORDICPHOTOS/AFP

## Flugmanni kennt um hrapið

**RÚSSLAND** Flugslys sem varð er flugvél hrapaði í Svartahaf á jóladag með þeim afleiðingum að 92 fórust var líklegast mistökum flugmanns að kenna. Þetta hefur rannsókn rússneskra rannsakenda leitt í ljós. Mistökin megi að nokkru leyti rekja til þreytu.

Á meðal hinna látnu voru meðlimir kórs rússneska hersins, hins svokallaða Alexandrov-hóps, en vélin var á leið til Sýrlands þar sem kórinn ætlaði að skemmta hermönnum.

Í tilkynningu frá rússneska varnarmálaráðuneytinu frá í gær segir að þreyta hafi líklega raskað skynjun flugmannsins og þess vegna hafi hann gert skissu.

Hins vegar hafi rannsakendur ekki komist að því að reglur um áfyllingu eldsneytis hafi verið brotnar eða að utanaðkomandi áhrif hafi valdið flugslysinu. **– þea**

## Betlarar í fangelsi

**DANMÖRK** Forsætisráðherra Danmerkur, Lars Løkke Rasmussen, leggur til að betlandi gengi Rómafólks sem borgurum stendur ógn af verði dæmt í viku skilorðsbundið fangelsi til tveggja vikna óskilorðsbundins fangelsis.

Yfirborgarstjóri Kaupmannahafnar, Frank Jensen, það ríkisstjórnina um aðstoð þar sem vandinn sem fylgdi Rómafólki væri orðinn mikill. Jensen segir tillögu Rasmussen aðeins leysa lítinn hluta vandans. Eitthvað verði að gera vegna þess fjölda sem sefur á götum úti. Það eigi sinn þátt í öryggisleysi íbúa. **– ibs**


VEITINGASTJÓRI ÓSKAST

Við hjá Tokyo erum að fiska eftir metnaðarfullum og skipulögðum einstaklingi í starf veitingastjóra. Viðkomandi þarf að hafa náð 21 árs aldri, hafa ríka þjónustulund og vera tilbúin í krefjandi verkefni. Góð íslenskukunnátta er skilyrði. Um er að ræða framtíðarstöðu (100%) og eru góð laun í boði fyrir réttan aðila!

**Áhugasamir sendi ferilskrá á andrey@tokyo.is**
**Frekari upplýsingar má finna hjá Andrey Rudkov í síma: 698-4946.**

HÆFNISKRÖFUR

ÞJÓNUSTULUND | 21 ÁRA | SKIPULAGNI | METNAÐUR | ÍSLENSKUKUNNÁTTA

TOKYO

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 84460 02/06




**Friðsæl og forvitnileg**
Belfast, höfuðstaður Norður-Írlands, hefur gengið í endurnýjun lífdaga síðan friður komst á í borginni árið 1998. Í borginni blómstrar nú menningarlífið og dramatísk sagan vekur forvitni við hvert fótmál. Vissir þú að Titanic var smíðað í Belfast?

Icelandair býður beint flug til Belfast frá 1. júní 2017 og verður flogið allt að þrisvar í viku. Flugið er í samstarfi við Air Iceland Connect og flogið á Q400 vélum.

+ **Bókaðu núna á icelandair.is**

ICELANDAIR



Anthony Kennedy ásamt Ruth Bader Ginsberg sem einnig er dómari við Hæstarétt Bandaríkjanna. NORDICPHOTOS/AFP

# Demókratar vilja halda íhaldssömum dómara

**BANDARÍKIN** Hópur Demókrata hefur kallað eftir því að hæstaréttardómarinn Anthony Kennedy dragi það í lengstu lög að setjast í helgan stein. Heimildir ytra herma að Kennedy íhugi alvarlega að láta af embætti.

Kennedy settist í Hæstarétt í ársbyrjun 1988 en þá var hann rétt rúmlega fimmtugur. Bandarískir hæstaréttardómarar geta setið út ævina, kjósi þeir svo, en fólk í kringum hinn áttræða Kennedy segir að hann velti því fyrir sér að hætta fyrr.

Þrátt fyrir að Kennedy hafi verið skipaður af Repúblíkana, og þyki hallast til hægri, vilja Demókratar halda honum meðan honum endist ævin. Eða að minnsta kosti þangað til að forsetatíð Donalds Trump rennur sitt skeið. Óttast þeir að ef Kennedy hættir muni Trump skipa einhvern enn íhaldssamari sem myndi hafa gífurleg áhrif á réttinn.

Í apríl síðastliðnum var meirihlutinn, til að öldungadeildin geti fallist á tilnefningu hæstaréttardómara, minnkaður. Áður þurfti sextíu atkvæði, af hundrað þingmönnum, til að komast í gegn en sú tala hefur nú verið lækkuð niður í 51.

„Akkúrat núna er Kennedy mikilvægasti maðurinn í Bandaríkjunum. Hann hefur oddaatkvæðið í höndum sér í málum þar sem dómara greinir á,“ segir Elizabeth Wydra, einn af forsvarsmönnum þeirra sem vilja Kennedy áfram.

Í málefnum sem varða fjármál og trúarbrögð hefur Kennedy verið með öðrum hægrisinnuðum dómurum við réttinn. Í málum sem varða fóstureyðingar og réttindi samkynhneigðra hefur hann hins vegar snúist á sveif með frjálslyndari dómurum. – jóe



Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, dregur land sitt út úr Parísarsamkomulaginu. NORDICPHOTOS/AFP

# Halda ótrauð áfram án Donalds Trump

**Bandaríkjaforseti hefur ákveðið að landið segi sig frá Parísarsamkomulaginu. Ber fyrir sig efnahagslegar byrðar. Evrópa og Kína undirbúa sameiginlega yfirlýsingu. Forsætisráðherrar Norðurlandanna skora á Trump að standa við samkomulagið.**

**LOFTSLAGSMÁL** Bandaríkin munu draga sig út úr Parísarsamkomulaginu. Þetta tilkynnti Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, á blaðamannafundi í Hvíta húsinu í gær.

„Ég vil ekki að neitt haldi aftur af okkur. Ég berst á hverjum degi fyrir þessa frábæru þjóð. Þess vegna, til að uppfylla skyldu mína til að vernda Bandaríkin og Bandaríkjamenn, munum við draga okkur út úr Parísarsamkomulaginu,“ sagði forsetinn.

Hann sagði þó að Bandaríkin myndu þegar í stað hefja viðræður um að koma á ný inn í samkomulagið, eða taka þátt í gerð nýs samkomulags, með ákvæðum sem hann teldi sanngjarnari.

„Frá og með deginum í dag munum við hætta allri innleiðingu ákvæða Parísarsamkomulagsins og létta þannig hinar gífurlegu efnahagslegu byrðar sem það leggur á landið okkar,“ sagði Trump enn fremur.

Með þessu verða Bandaríkin þriðja ríki Sameinuðu þjóðanna til að standa utan samkomulagsins, hin eru Níkaragva og Sýrland.

Kína og ríki Evrópusambandsins ætla ekki að feta sömu slóð. Að þeirra sögn eru markmið Parísarsamkomulagsins um að draga úr loftslagsbreytingum mikilvægari en nokkru sinni fyrr. Þetta segir í sameiginlegri yfirlýsingu sem vænst er að leiðtogar Kína og Evrópusambandsins sendi frá sér og BBC hefur komist yfir. Búist er við því að hún verði formlega birt í dag.

### Hversu mikið mun meðalhiti jarðar hafa hækkað árið 2100?

- Ef haldið er áfram á sömu braut: 4,2°C
- Ef Parísarsamkomulagi er fylgt án Bandaríkjanna: 3,6°C
- Ef Bandaríkin eru með í Parísarsamkomulaginu: 3,3°C
- Markmið Sameinuðu þjóðanna: 1,5°C

**Heimild: Climate Interactive**

Samkvæmt heimildum BBC hefur verið unnið að yfirlýsingunni í rúmt ár. Í henni mun vera að finna umfjöllun um hættur vegna loftslagsbreytinga og áhrif þeirra á jafnvægi í samfélögum heimsins.

„Evrópusambandið og Kína telja Parísarsamkomulagið sögulegt afrek sem hraði samdrætti í útblæstri gróðurhúsalofttegunda,“ segir í uppkastinu. Enn fremur segir að Parísarsamkomulagið sé sönnun á því að með samvinnu og trausti sé hægt að finna sanngjarnar og áhrifaríkar lausnir á erfiðustu vandamálum okkar tíma.

„Evrópusambandið og Kína ítreka ótvíræða skuldbindingu sína er varðar öll ákvæði Parísarsamkomulagsins,“ segir þar enn fremur.

Li Keqiang, forsætisráðherra Kína, var í opinberri heimsókn í Þýskalandi í gær. Þar sagði hann baráttuna gegn loftslagsbreytingum þjóna hagsmunum Kínverja. „Kínverjar munu halda áfram að innleiða ákvæði Parísarsamkomulagsins en auðvitað vonumst við til þess að geta gert það í samvinnu við aðra,“ sagði Keqiang, en Kína blæs út meiri gróðurhúsalofttegundum en nokkurt annað ríki.

Rússar, sem eru í þriðja sæti á þeim lista, einungis á eftir Bandaríkjunum og Kína, ætla heldur ekki að víkja frá ákvæðum samkomulagsins. Hins vegar myndi brotthvarf Bandaríkjanna hafa áhrif á samkomulagið. „Það þarf vart að taka það fram að áhrif þessa samkomulags dvína líklega án slíks lykilríkis,“ segir í yfirlýsingu frá forsetaembætti Rússlands í gær.

Antonio Guterres, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, tók í sama streng í gær og sagði stuðning Bandaríkjanna skipta sköpum. „En burtséð frá ákvörðun bandarísku ríkisstjórnarinnar er mikilvægt að aðrar ríkisstjórnir haldi áfram á sinni braut,“ sagði Guterres við BBC.

Forsætisráðherrar Norðurlandanna eru á sama máli og Guterres og sendu Trump í gær sameiginlegt bréf þar sem hann var hvattur til að standa við samkomulagið. Í bréfinu var jafnframt lögð áhersla á mikilvægi þess að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga.

thorgnyr@frettabladid.is






# Skotárás á fjölsótt hótel á Filippseyjum

**FILIPPSEYJAR** Hið vinsæla hótel Resorts World Manila í filippseysku höfuðborginni Manila, var girt af í gærkvöldi eftir að lögreglu bárust tilkynningar um skothríð og sprengingar.

Greindi CNN Philippines frá því að grímuklæddur byssumaður væri á annarri hæð hótelsins og skyti á gesti og starfsmenn.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun höfðu ekki borist fregnir af mögulegu mannfalli eða hversu margir hefðu særst.

Rauði kross Filippseyja tísti því hins vegar að starfsmenn samtakanna hefðu flutt þrjá af hótelinu og á sjúkrahús.



Lögregla gerði áhlaup á hótelið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Stephen Reilly, yfirlögregluþjónn í borginni, staðfesti í samtali við CNN að skotum hefði verið hleypt af. Hann gat þó ekki sagt til um hversu margir árásarmenn hefðu verið á hótelinu.

Er Donald Trump Bandaríkjaforseti tilkynnti að Bandaríkin myndu draga sig út úr Parísarsamkomulaginu í gær sagðist hann fylgjast náið með framgangi mála í Manila. Jafnframt sagði forsetinn að bænir hans væru helgaðar fórnarlömbum og aðstandendum þeirra. – þea




VERÐ FRÁ:

**1.990.000** kr.

Eyðsla frá 3,0 l/100 | $CO_2$ losun frá 79 g/km

**SPORTLEGUR, LIPUR OG ÖRUGGUR**

Gæði Peugeot 208 heilla þig strax. Sportlega hannaður, sparneytinn og fáanlegur með Bluetooth og 7 tommu snertiskjá. Einstaklega lipur í umferðinni, snarpur í akstri og státar af fimm stjörnu öryggi. Puretech vélar Peugeot eru þekktar fyrir sparneytni og að vera einstaklega umhverfisvænar.

## PEUGEOT 208

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Stefnuleysi



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Linnulaus gengishækkun krónunnar er flóknasta viðfangsefni Seðlabankans og stjórnvalda um þessar mundir. Gengið hefur hækkað um meira en 20 prósent á einu ári, sem er mesta styrking á jafn skömmum tíma frá því í byrjun sjöunda áratugarins, og samtímis fer samkeppnishæfni þjóðarbúsins hratt þverrandi. Stjórnvöld hafa meðal annars brugðist við þessari stöðu með skipun verkefnisstjórnar sem á að koma með tillögur í haust um endurmat á forsendum peninga- og gjaldmiðlastefnu Íslands.

Ljóst er hins vegar að forystumenn ríkisstjórnarinnar eru ekki sammála um áfangastaðinn í þeirri vinnu. Formaður Framsóknarflokksins, benti – réttilega – á það stefnuleysi sem virðist ríkja í þessum efnum í eldhúsdagsumræðum á Alþingi í vikunni. Á sama tíma og forsætisráðherra segir að krónan sé framtíðargjaldmiðill þjóðarinnar talar fjármálaráðherra hins vegar krónuna „niður hvenær sem færi gefst“ og reynir eftir „fremsta megni að koma hér á myntráði sem líklega á að ljúka með upptöku evru“. Þetta er undarleg staða sem er uppi innan ríkisstjórnarinnar.

Það vill stundum gleymast þegar rætt er um stefnu í gjaldmiðlamálum að valið snýst öðrum þræði um mismunandi slæma valkosti. Fjármálaráðherra hefur ekki farið leynt með þá skoðun sína að festa eigi gengi krónunnar, þar sem einkum er horft til evrunnar, með svonefndu myntráði. Það má efast stórkostlega um að slíkt fyrirkomulag þjóni hagsmunum Íslands. Eigi fastgengisstefna í gegnum myntráð að vera farsæl til lengri tíma litið er lykilatriði að það séu náin tengsl við hagsveiflu þess myntsvæðis sem gengið er fest við. Fyrir liggur að svo er alls ekki í tilfelli evrusvæðisins þar sem Ísland hefur lítil sem engin tengsl við hagsveifluna í kjarnaríkjum myntbandalagsins. Hagsaga Íslands, hvort sem litið er til ríkisfjármála eða vinnumarkaðarins, gefur að sama skapi ekki tilefni til að ætla að stjórnvöld og atvinnulífið hafi þann aga sem til þarf til að framfylgja trúverðugri fastgengisstefnu. Slíkir augljósir veikleikar í efnahagsmálum þjóðarinnar hverfa ekki við það eitt að breytt sé um gjaldmiðilsstefnu.

Myntráðsleið myndi jafnframt útheimta gríðarlega gjaldeyrisforðasöfnun af hálfu Seðlabankans með tilheyrandi auknum vaxtakostnaði. Þótt bankinn hafi byggt upp forða sem nemur þriðjungi af landsframleiðslu þá þyrfti hann að vera margfalt stærri. Ófullnægjandi gjaldeyrisvarasjóður myndi að öðrum kosti auka stórlega líkur á áhlaupi á bankakerfið og gjaldmiðilinn um leið og fastgengið væri hætt að endurspegla undirliggjandi efnahagsstærðir í hagkerfinu. Vogunarsjóði George Soros tókst eftirminnilega að fella breska pundið árið 1992 og það má efast um að 800 milljarða forði Seðlabankans yrði mikil fyrirstaða ef sambærilegir sjóðir myndu sjá tækifæri í því að láta reyna á fastgengisstefnu Benedikts Jóhannessonar.

Það er áhyggjuefni að engin samstaða er á meðal helstu leiðtoga ríkisstjórnarinnar í mikilvægasta verkefni núverandi stjórnvalda – endurskoðun peningastefnunnar. Og á meðan svo er má tæplega ætla að sú vinna eigi eftir að skila nokkrum árangri.

**Slíkir augljósir veikleikar í efnahagsmálum þjóðarinnar hverfa ekki við það eitt að breytt sé um gjaldmiðilsstefnu.**




## Halldór




## Frá degi til dags

### Minna fúsk

**Afstaða Bjartrar framtíðar í umræðum á Alþingi í gær, um þá ákvörðun dómsmálaráðherra að hræra í lista hæfustu umsækjenda um dómarastöðu í Landsrétti, kom nokkuð á óvart. Björt framtíð gerði það að kosningaloforði sínu að minnka fúsk og í ræðu á Alþingi 26. september síðastliðinn sagði Óttarr: „Við þurfum að snúa frá óreiðustjórnmálum og lausatökum síðustu ára. Handarbaksvinnubrögð og fúsk eiga ekki rétt á sér. Það þarf að vanda sig. Það er kallað eftir meiri heiðarleika í stjórnmálum og meiri sanngirni í samfélaginu.“ En afstaða Bjartrar framtíðar á þingi einkenndist frekar af ræðu Óttars frá nýliðnum eldhúsdegi: „Við erum ekki í stjórnmálum til að keppast um vinsældir.“**

### Guli takkinn

**Það munar einum manni á stjórn og stjórnarandstöðu á þessu kjörtímabili. Eftir sjö tíma heitar umræður á Alþingi um réttmæti ákvörðunar dómsmálaráðherra valdi Framsóknarflokkurinn gula takkann í þingsal. Þegar málið verður gert upp, jafnvel vegna mögulegs misbrests á trausti í garð dómstólsins, verður eftir því tekið að þingflokkurinn valdi að greiða ekki atkvæði. Á kjörtímabili þegar stjórnarandstaðan hefur raunveruleg tækifæri til að fá sitt fram. Það hefði kannski verið heiðarlegra að ýta bara á Framsóknargræna takkann.**

**snaeros@frettabladid.is**

# Olía á eld ójöfnuðar



Óli Halldórsson
varaþingmaður VG

Það er áhugavert að gægjast inn um glugga Alþingis nú við lok þingsins og rýna í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar. Hún er meginafrakstur þessa þingvetrar, hvernig sem á það er litið. Hún virðist í einfaldri mynd ganga út á þrennt: samdrátt í ríkisrekstri, lágmarksfé í uppbyggingu innviða og það að létta skattbyrði af þeim efnaðri.

Þessari stefnu er svo ætlað að keyra áfram nútímalegt og blómlegt samfélag, byggt á nýsköpun og grænum atvinnuháttum (í anda atvinnustefnu Vinstri grænna frá því fyrir um áratug).

En það verður ekki bæði sleppt og haldið. Nýsköpun kemur ekki upp úr engu. Sprotar fæðast ekki í fjársveltu menntakerfi. Ferðaþjónusta þrífst illa á holóttum malarvegum, einfasa rafmagni og ótraustu netsambandi. Þessir breyttu atvinnuhættir og sá veruleiki sem við stöndum frammi fyrir útheimtir einfaldlega verulega öflugri innviði og sterkari samrekstur.

Það er bleikur fíll í þessu líka. Það er engin alvöru peningastefna til að jarðtengja fjármálaáætlunina. Engin sátt um það hvernig skuli ná stjórn á ofrisi krónunnar. Það er svo komið að við Íslendingar erum orðin vön því að hugsa og reka okkur sjálf eins og vogunarsjóðir. Þeir þrífast líka á áhættu og óvissu.

Kjarni vandans birtist svo þegar þessir stóru gallar fjármálaáætlunarinnar leggjast allir saman á eitt; það myndast olía á eld ójöfnuðar. Óstöðugleiki og veik samneysla eykur ójöfnuð. Og það er ójöfnuðurinn sem er mesta áhyggjuefni stjórnmálanna um allan heim. Með breikkandi bilinu fjölgar reiðum á öðrum endanum og firrtum á hinum endanum.

Verst af öllu er svo að á endanum geta jaðrarnir náð saman, þannig að réttlát reiði þeirra sem of lítið hafa umbreytist í byr í segl þeirra firrtu. Og þá geta myndast kjöraðstæður til að rækta pólitísk skrímsli í skápum, sem hafa alltof víða verið að láta á sér kræla í alþjóðlegum stjórnmálum. Það vill held ég ekkert okkar fara þangað.

En við verðum þá að taka beygjuna þegar kemur að næstu gatnamótum.

**Það er bleikur fíll í þessu líka. Það er engin alvöru peningastefna til að jarðtengja fjármálaáætlunina.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Til aðvörunar ungu fólki og friðþægingar fullorðnu

**Í DAG**



Þórlindur Kjartansson

Í bók sinni „Skáldað í skörðin" segir þjóðskáldið Ási í Bæ söguna á bak við Göllavísur, lagið um Gölla Valdason. Ási segir frá erfiðu lífi Gölla og öllum hans góðu mannkostum, en getur þess að hófsemi í neyslu áfengis hafi ekki verið meðal þeirra helstu.

Svo gerðist það, sem varð tilefni textans fræga, að „einn af siðferðispostulum Eyjanna verður fyrir því slysi að birta mynd af Gölla í blaði sínu—ég segi slysi því ég hef löngum vonað að manninum hafi ekki verið sjálfrátt. Á myndinni var Göllinn í sínu versta ásigkomulagi og undir stóð: Til aðvörunar ungu fólki." Þessari meðferð reiddist Ási heiftarlega og skrifaði sinn ódauðlega texta með viðlaginu:

*Og þó þeir væru að segja*
*sem sjálfir eitt sinn deyja*
*hve svakalegur værir þú, ó Gölli Valdason,*
*þá vil ég bara segja*
*að sumir ættu að þegja,*
*það saknar þeirra enginn, ó Gölli Valdason.*

**Annarlegt ástand**

Nú í vikunni birtust myndir í flestum fjölmiðlum heims af golfgoðsögninni Tiger Woods. Hann hafði verið handtekinn grunaður um ölvunarakstur. Af myndinni að dæma er ekki ósennilegt að grunurinn sé á einhverjum rökum reistur; Tiger lítur út fyrir að vera nývaknaður eftir slæmt fyllerí—þótt ekki sé hægt að útiloka að hann sé svona útleikinn eftir að hafa étið eitt meterslangt Toblerone súkkulaðistykki úr Costco. Lögreglan í heimabæ hans bætti svo um betur í gær og setti á netið myndskeið sem sýnir handtökuna; þar sem hann svarar spurningum út í hött og rambar veiklulega um malbikið eins og í leiðslu. Hugtakið „annarlegt ástand" gæti allt eins hafa fengið sína endanlegu skilgreiningu í myndbandinu.

Það er rétt að geta þess, áður en lengra er haldið, að samband mitt við Tiger Woods er flókið. Hann er sá jafnaldri minn sem var fljótastur að komast á toppinn og verða bestur í heimi í einhverju sem skiptir fólk máli. Ástæða þess að þetta er flókið er sú að fram að þeim tíma að Tiger Woods varð langbesti kylfingur heims þá var mér óhætt að líta með barnslegri aðdáun upp til heimsklassa íþróttamanna. Þetta var erfitt að leyfa sér þegar um var að ræða manneskju sem hefði alveg eins getað verið með mér í bekk.

Reyndar hef ég aldrei hitt hann—eða réttara sagt þá hefur hann aldrei hitt mig. Sambandið er sem sagt mjög einhliða. En þetta gildir almennt um ofurstjörnur; öll heimsbyggðin á í flóknu en einhliða tilfinningalegu sambandi við þær. Við höldum með þeim eða hötum þær; dáum þær eða fyrirlítum; og þegar eitthvað bjátar á hjá þeim þá veltum við okkur upp úr vandamálum þeirra og höfum jafnvel áhyggjur af þeim, eins og þetta séu frændur okkar og frænkur eða gamlir vinir.

> **Ef samband okkar Tiger hefði verið gagnkvæmt fyrir tuttugu árum þá hefði klárlega verið miklu meiri ástæða fyrir hann að hafa áhyggjur af mér heldur en mig að hafa áhyggjur af honum.**

**Dósastrákurinn**

Og Tiger Woods var einmitt maðurinn sem enginn hafði áhyggjur af. Hann var eins og dósastrákur sem hafði enga sýnilega galla eða lesti. Svo mjög var hann dáður að faðir hans gaf út metsölubók með ráðleggingum til foreldra um hvernig ala ætti upp slík óaðfinnanleg eintök. Sú bók (Raising a Tiger) fæst enn á Amazon og er í sjö hundruð og sautján þúsund fjögur hundruð nítugasta og fyrsta sæti yfir mest seldu bækur verslunarinnar.

Ef samband okkar Tiger hefði verið gagnkvæmt fyrir tuttugu árum þá hefði klárlega verið miklu meiri ástæða fyrir hann að hafa áhyggjur af mér heldur en mig að hafa áhyggjur af honum.

Þannig fer stundum um veraldarfrægðina. Á tuttugu árum hafa spilin snúist við. Þá var það Tiger sem hafði tök á tilverunni og jafnaldrar hans flestir í mesta basli. Nú er það afreksmaðurinn sem hefur misst alla stjórn á sjálfum sér.

Þetta skrýtna samband okkar við frægt afreksfólk er einmitt ástæða þess að við sogumst svo ómótstæðilega að „fréttaflutningi" um persónuleg vandræði þess.

**Það saknar þeirra enginn**

Þegar myndin af Gölla var birt í Vestmannaeyjum var það gert undir því yfirskini að það gæti haft einhvers konar forvarnaráhrif, og öll umfjöllunin um Tiger er réttlætt með því að hann sé frægðarmenni og að um hann gildi því aðrar reglur en okkur. En hvort tveggja er í raun hluti af sömu lágkúrunni, þar sem einstaklingar eru sýndir í sínu versta ljósi til þess að öðrum gefist færi á að hneykslast og líða ögn betur með sig sjálfa.

Þegar öllu er á botninn hvolft þá er líklega mikið til í því hjá Ása í Bæ að þeir sem kjósa sífellt að hneykslast og hossa sér á vankönntum og mistökum annarra séu einmitt þeir sem enginn kemur til með að sakna mikið á meðan blessaðir gallagripirnir gleymast seint.


## MIKILVÆG SKILABOÐ TIL ÍBÚA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

Á þjónustusvæði Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) eru sveitarfélögin Reykjavík, Kópavogur og Seltjarnarnesbær og þar búa 48% þjóðarinnar. Í umsjón KGRP eru Hólavallagarður, Fossvogskirkjugarður, Sólland, Viðeyjarkirkjugarður, Kópavogskirkjugarður og Gufuneskirkjugarður.

**Sumarstarfsfólki fækkað um helming**

Á undanförnum áratugum hafa vel á annað hundrað ungmenni hjálpað til við garðyrkjustörf yfir sumartímann og hefur grassláttur og umhirða gengið vel og íbúar verið sáttir. Vegna stórfelldrar rýrnunar á framlagi ríkisins til garðanna er nú óhjákvæmilegt að fækka sumarstarfsmönnum um helming og fresta endurnýjun véla og viðhaldi húsnæðis.

**Framlög rýrnað um 40% frá 2008**

Undanfarin 8 ár hefur framlag ríkisins ekki hækkað í takt við stækkun garðanna. Frá árinu 2008 hefur framlagið raunar rýrnað um 40% ef miðað er við verðlagsþróun en kirkjugarðarnir og verkefni tengd þeim hafa jafnframt aukist verulega. KGRP hafa því verið reknir með tapi mörg síðustu ár. Stjórnvöldum landsins er fullkunnugt um þessa stöðu KGRP og margra annarra kirkjugarða á landinu en samt er ekki vilji til að auka fé til þessarar starfsemi. Viðbrögð dómsmálaráðuneytis benda enn sem komið er ekki til þess að gera megi ráð fyrir að framlagið verði leiðrétt.



### Afleiðingar skerts framlags

- Sorpílát verða fjarlægð úr görðunum vegna undirmönnunar en ekki er mannskapur til að flokka rusl og ekki fjármagn til að farga því. Aðstandendur leiða eru beðnir að sjá um förgunina.
- Umhirða í görðunum verður skert. Þar verður reynt að sinna lögbundinni þjónustu, þ.e. frágangi nýrra leiða, laga sigin leiði og slá gras á grafarsvæðum. Mikilvægt er að aðstandendur gangi þannig frá leiðum að auðvelt sé að slá í kringum þau.
- Snyrtingu leiða verður ekki sinnt að öðru leyti en því sem snýr að afgreiðslu blómapantana.

Þeir sem eiga ástvini sína í ofangreindum kirkjugörðum eru beðnir um að sýna starfsmönnum og ástandi garðanna skilning vegna þessara óhjákvæmilegu ráðstafana.

**Stjórn og forstjóri KGRP**

## Leiknir fékk síðasta farseðilinn í átta liða úrslit Borgunarbikarsins



**Dramatík í Breiðholtinu** Síðasti leikur 16 liða úrslitanna í Borgunarbikar karla fór fram í gær er Leiknir tók á móti Grindavík í Breiðholtinu. Staðan var 1-1 eftir venjulegan leiktíma og framlengingu en Leiknir hafði betur í vítaspyrnukeppni. Úrslit komu eftir bráðabana. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Innrásin úr Inkasso-deildinni

**Nýliðar Grindavíkur og KA hafa sett mikinn svip á Pepsi-deild karla í upphafi móts og gott betur því þetta er í fyrsta sinn í aldarfjórðung þar sem báðir nýliðarnir eru meðal fjögurra efstu liða eftir fimm umferðir.**

**FÓTBOLTI** Bilið á milli Pepsi-deildarinnar og Inkasso-deildarinnar er eflaust minna en margur heldur. Það eru nýliðar Pepsi-deildarinnar að minnsta kosti að sýna og sanna í fyrstu fimm umferðum sumarsins.

Átján stig og nítján mörk í fimm leikjum er frábært veganesti fyrir framhaldið hjá liðunum sem stóðu sig langbest í Inkasso-deildinni í fyrra og hafa síðan fylgt því eftir með góðri byrjun í úrvalsdeildinni.

### Búist við miklu af KA

Það var vissulega búist við meiru af KA-mönnum en af mörgum nýliðum Pepsi-deildarinnar á síðustu árum enda hefur Akureyrarliðið verið duglegt að safna að sér leikmönnum í Pepsi-deildar klassa á síðustu árum. Frábær frammistaða Grindvíkinga hefur aftur á móti komið mun fleirum á óvart. Nýliðunum hefur báðum tekist að gera betur en stórlið KR og FH og sitja þau nú bæði meðal fjögurra efstu liða Pepsi-deildarinnar.

Topplið Stjörnunnar þurfti jöfnunarmark á lokamínútum til að ná stigi á móti Grindavík og skoraði síðan sigurmark á sjöttu mínútu í uppbótartíma á móti KA. Valsmenn, sem eru í öðru sætinu, töpuðu fyrsta leik sumarsins á móti Grindavík en eiga eftir að mæta KA.

### Glötuð stig í uppbótartíma

KA-menn gætu verið með fleiri stig og gráta eflaust þessi þrjú stig sem þeir misstu í uppbótartíma í tapinu á móti Stjörnunni og jafnteflinu á móti Víkingi R.

Grindvíkingar geta aftur á móti



KA-mennirnir Hallgrímur Mar Steingrímsson og Emil Sigvardsen Lyng fyrir ofan. Andri Rúnar Bjarnason til hægri.

þakkað Bolvíkingnum Andra Rúnari Bjarnasyni fyrir sigurleikina þrjá enda var hann með sigurmarkið á móti Víkingi R. og Val og þrennu í sigrinum upp á Skaga.

Nýliðar eru ekki oft í kringum toppinn þegar um fjórðungur Íslandsmótsins er að baki. Það að báðir nýliðarnir séu inni á topp fjögur verður enn merkilegra þegar litið er á það að aðeins samtals fimm nýliðar af nítján frá 2008 til 2016 voru meðal fjögurra efstu. Það þarf síðan að fara 25 ár aftur í tímann til að finna tvo nýliða meðal fjögurra efstu liðanna eftir fimm umferðir.

### Sumarið 1992 seint jafnað

Sumarið 1992 verður líklega seint toppað hvað varðar innkomu nýliða í efstu deild karla. Þetta sumar komu lið ÍA og Þór Akureyri upp í deildina og slógu bæði í gegn það sumar. ÍA varð fyrsta og eina liðið sem nær að verða Íslandsmeistari á fyrsta ári og Þórsarar náðu þriðja sætinu.

Það hefur gengið ágætlega hjá Inkasso-liðunum síðustu ár en fjórir af síðustu sex nýliðum eru enn að spila í Pepsi-deildinni (Fjölnir, Víkingur R., ÍA og Víkingur Ó.). Á árunum 2010 til 2013 náðu hins vegar aðeins tveir af átta nýliðum að halda sér uppi.

Eftir að fjölgað var í deildinni sumarið 2008 mátti alltaf búast við að bilið á milli deildanna myndi aukast en nú bendir allt til þess að innrásarliðin úr Inkasso komi nú upp betur vopnum búin en áður.

Það er hins vegar tiltölulega lítið búið af mótinu og því geta bæði lið enn opinberað frekar veikleika sína eða hin lært betur á þau. Eins og er líta þau hins vegar út eins og lið sem eru fær í flestan sjó í Pepsi-deildinni.

ooj@frettabladid.is

### Báðir nýliðar í efri hluta eftir fimm umferðir

**(Síðan þriggja stiga regla var tekin upp 1984)**

**1984**
**KA í 4. sæti og Fram í 5. sæti**

**1990**
**ÍBV í 4. sæti og Stjarnan í 5. sæti**

**1992**
**Þór Ak. í 1. sæti og ÍA í 2. sæti**

**2012**
**ÍA í 1. sæti og Selfoss í 6. sæti**

**2017**
**Grindavík í 3. sæti og KA í 4. sæti**



### Bestu sæti nýliða eftir fimm umferðir í 12 liða deild 2008-17:

**1. sæti ÍA 2012**
**1. sæti Stjarnan 2009**
**3. sæti Grindavík 2017**
**3. sæti Víkingur Ó. 2016**
**3. sæti Fjölnir 2008**
**4. sæti KA 2017**
**4. sæti Fjölnir 2014**
**5. sæti Leiknir 2015**
**6. sæti Selfoss 2012**
**6. sæti Selfoss 2010**

FALLA UM EITT SÆTI HJÁ FIFA

Íslenska karlalandsliðið í fótbolta fellur um eitt sæti á nýjum styrkleikalista FIFA, Alþjóðaknattspyrnusambandsins, sem var gefinn út í gær.



Ísland er í 22. sæti listans og er áfram besta liðið á Norðurlöndunum.

Svíþjóð er í 34. sæti, Danmörk í 51. sæti, Færeyjar í 80. sæti, Noregur í 87. sæti og Finnland í 108. sæti.

Króatía, sem Ísland sem mætir á Laugardalsvellinum 11. júní næstkomandi, er í 18. sæti, fjórum sætum fyrir ofan Íslendinga.

Engar breytingar eru á 10 efstu sætum listans. Brasilía er áfram í fyrsta sæti, Argentína í öðru og Þýskaland í þriðja. Fjögur af fimm efstu liðunum á listanum koma frá Suður-Ameríku.

Brasilía er í fyrsta sæti, Argentína í öðru, Þýskaland í þriðja og Síle í fjórða.

**Þetta eru markmenn KR. Jakob er eldri en ég var þegar ég spilaði alla leikina í Pepsi. Fáranlegt ef þeir fá að sækja keeper.**

Hjörvar Hafliðason
@hjorvarhaflida

STÓRT KVÖLD HJÁ STELPUNUM

Það er bikardagur hjá íslenskum knattspyrnukonum en alls fara fram sjö leikir í 16 liða úrslitunum í Borgunarbikar kvenna. Lokaleikur umferðarinnar á milli Breiðabliks og Þór/KA verður spilaður á morgun á Kópavogsvelli.

Þróttur og Haukar hefja fjörið klukkan 16.30, tveir leikir hefjast klukkan 18.00 og síðustu fjórir leikir kvöldsins hefjast klukkan 19.15.

SIGUR OG TAP Í SAN MARÍNÓ

Íslenska karlalandsliðið í körfubolta tapaði sínum öðrum leik á Smáþjóðaleikunum í San Marínó í gær þegar strákarnir töpuðu í spennuleik á móti Andorra.

Andorra vann leikinn 83-81 eftir að hafa unnið fimm síðustu mínútur leiksins 18-9.

Jón Axel Guðmundsson átti mjög flottan leik og skoraði 24 stig á 30 mínútum fyrir íslenska liðið. Það dugði hins vegar ekki til.

Miðherjinn Tryggvi Snær Hlinason var með tvennu þriðja leikinn í röð en í dag var kappinn með 12 stig og 10 fráköst á 24 mínútum.

Íslenska liðið er nú ekki líklegt til að komast upp á pall á mótinu en liðið á enn eftir að mæta Svartfjallalandi og Lúxemborg.

Stelpurnar unnu aftur á móti flottan sigur á Kýpur, 61-47. Þetta var fyrsti sigur liðsins á leikunum en það tapaði fyrir Möltu í fyrsta leik.

Sara Rún Hinriksdóttir átti stórleik fyrir íslenska liðið en hún skoraði 19 stig í leiknum og tók 7 fráköst. Hildur Björg Kjartansdóttir og Emelía Ósk Gunnarsdóttir skoruðu báðar 12 stig í dag.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **16.00** | **ShopRite LPGA** | Sport 4 |
| **18.30** | **Memorial Tournam.** | Golfst. |
| **19.50** | **Þróttur - Keflavík** | Sport |
| **21.00** | **Teigurinn** | Sport |
| **22.00** | **1 á 1** | Sport |
| **23.15** | **Búrið** | Sport |


FJÓRFALDIR
VILDARPUNKTAR
ICELANDAIR
hjá Olís og ÓB alla hvítasunnuhelgina, 2.–5. júní
ICELANDAIR
Vinur við veginn síðan 1927
olís



# FERSKASTI NAMMIBARINN



698 kr/pk
Jarðarber 500 g.



799 kr/pk
Íslensk jarðarber 200 g.



899 kr/pk
Bláber 500 g.



599 kr/pk
Kirsuber 500 g.

Gildir til 4. júní á meðan birgðir endast.

*Nýtt í Hagkaup*



998 kr/pk

**Sambazon acai**
Frosin Acai ber og berjablanda, næringarrík ofurfæða.

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa



**Rana pasta**
Ferskt pasta beint frá ítalíu.

*Komnir aftur*



299 kr/stk

**Nocco BCAA drykkir**
BCAA + koffín er skothellt kombó.



1.999 kr/pk
2.499 kr/pk

**Atlanta Cheesecake**
Ferskar amerískar ostakökur.

*Nýjungar*



849 kr/stk

**Joe&Seph´s sælkera karamellusósur**
Prosecco, Brandy butter og Rum & raisin.

*Nýjungar*



599 kr/pk

**Joe&Seph´s sælkerapopp**
Peanut Butter & Chocolate Caramel, Mojito, Gin & Tonic, French Camabert og Strawberry Cheesecake.

## PRIMA DONNA

Prima Donna er þroskaður eins og fínt rauðvín eða þangað til hann nær sínum eiginleika og bragði. Af þeim ástæðum er Prima Donna ekki þroskaður í ákveðin tíma heldur þangað til einstaka bragðinu er náð fram. Í gegnum þroskunarferlið eru fjögur stig á Prima Donna – Leggero, Fino, Maturo og Forte.
Prima Donna hentar einstaklega vel með rauðvínum eins og Cabarnet Sauvignon, Pinot noir, Syrah eða Zinfandel.



Ostahjólin fást í Sælkeraborðinu.

**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg






















## BONE SUCKIN´

Grill- og marineringarsósur, kryddblöndur og sinnep sem kætir bragðlaukana.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
2. JÚNÍ 2017 FÖSTUDAGUR

## Merkisatburðir



**1907 Húsavíkurkirkja er vígð.**

**1934** Jarðskjálfti verður norðanlands og veldur miklum skemmdum á Dalvík og nágrenni. Stærð hans er um 6,2 stig á Richter.

**1946** Þjóðaratkvæðagreiðsla sker úr um að Ítalía verði lýðveldi í stað konungríkis. Konungur Ítalíu, Úmbertó 2., fer í útlegð.

**1953** Krýningu Elísabetar 2. er sjónvarpað um allt Bretland.

**1957** Hrafnista, dvalarheimili aldraðra sjómanna, er opnað í Reykjavík á tuttugasta sjómannadeginum.

**2004** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, synjar fjölmiðlafrumvarpinu staðfestingar.

**2008** Jarðskjálfti skekur Hveragerði. Skjálftinn mælist 5,5 stig á Richter-kvarða.

---



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Ingibergur Herjólfsson**

lést þann 15. maí á hjúkrunarheimilinu Nesvöllum í Reykjanesbæ. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Herjólfur Hafþór Jónsson** — **Kristín Árnadóttir**
**Þóra Rut Jónsdóttir** — **Guðmundur Stefánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Faðir minn, tengdafaðir, afi, langafi, bróðir og vinur,

**Kristján Jónsson**

fyrrv. rafmagnsveitustjóri ríkisins,

lést þriðjudaginn 9. maí 2017. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Fyrir hönd ættingja og vina,**
**Walter Ragnar Kristjánsson**
**Kristey Jónsdóttir**

---



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Ingibjörg Arngrímsdóttir**

Holtateigi 5, Akureyri,

sem lést á Dvalarheimilinu Hlíð, miðvikudaginn 24. maí, verður jarðsungin frá Höfðakapellu á Akureyri, þriðjudaginn 6. júní kl. 13.30.

**Gunnar Kristinsson**
**Gígja Gunnarsdóttir** — **Ólafur Halldórsson**
**Úlfar Gunnarsson** — **Vilborg Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Eiginkona mín,

**Dóra Nordal**

er látin.
Útför hennar verður gerð frá Dómkirkjunni föstudaginn 2. júní klukkan 13.

**Jóhannes Nordal**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---



**Við afhendinguna. Ólafur Harðarson fundarstjóri, Fríða Vala Ásbjörnsdóttir, verkefnisstjóri Landsbyggðarvina, Alma Ágústsdóttir, fulltrúi Grunnskólans á Hólmavík sem hlaut 2. verðlaun, Egill og Ólafur, 1. verðlaunahafar, Katrín Jakobsdóttir, sem afhenti verðlaunin ásamt Jóni Gunnarssyni ráðherra, og Helgi Árnason, skólastjóri og formaður Landsbyggðarvina.**

# Hænsnakofi hugmynd sem færði félögum sigur

**Ólafur Ísar Jóhannesson og Egill Rúnar Halldórsson hlutu 1. verðlaun Landsbyggðarvina fyrir verkefni sitt, hænsnakofa á lóð Grunnskólans austan Vatna á Hofsósi.**

Ég hlakka til að koma á Hofsós næst og fá egg úr hænsnabúinu við skólann,“ sagði Katrín Jakobsdóttir, fyrrverandi menntamálaráðherra, glaðlega þegar hún afhenti nýlega 1. verðlaun félagsins Landsbyggðarvina. Tveir herramenn, Ólafur Ísar Jóhannesson og Egill Rúnar Halldórsson, fráfarandi nemendur Grunnskólans austan Vatna á Hofsósi, tóku við verðlaununum fyrir hænsnakofa sem þeir hafa komið upp við skólann. Kofinn reyndist besta hugmynd að lausnum að betri framtíð í heimabyggð sem félaginu barst þetta árið frá grunnskólanemendum.

Hugmyndin snerist ekki bara um að byggja kofann úr endurunnu efni, heldur að gefa nemendum skólans kost á að komast í tæri við hænur og vinna í leiðinni gegn matarsóun því hænurnar fá afganga sem falla til í heimilisfræði, mötuneyti og kaffistofu og skólinn fær eggin í staðinn. Eins og dómnefnd Landsbyggðarvina orðaði það í rökstuðningi sínum: „Sjálfbærni alla leið.“

Afhendingin fór fram í Norræna húsinu og eftir hana voru Egill Rúnar og Ólafur Ísar króaðir af í spjall. Þeir héldu á umslagi með verðlaunafé, hundrað þúsund krónum, og voru sammála um að peningurinn kæmi sér vel því nauðsynlegt væri að kaupa fóðurbæti handa hænunum, til að eggin skiluðu sér. „Svo væri gott að búa til smá gerði svo hænurnar geti verið úti við,“ sagði Egill. „Já, þetta er tvískiptur kofi núna sem við smíðuðum úr öðrum gömlum kofa og afgangs smíðaefni. Öðrum megin leikur ferskt loft um hænurnar og þær eru í birtu en það væri gott fyrir þær að komast aðeins út í gras og gott veður,“ sagði Ólafur. Egill útskýrði að í hinum helmingnum væri aðstaða til varps. Hænurnar séu með hitalampa og geti verið í kofanum allan ársins hring.




**Svona var kofinn þegar þeir félagar fundu hann.**

> Þetta er tvískiptur kofi núna sem við smíðuðum úr öðrum gömlum kofa og afgangs smíðaefni.
>
> Ólafur Ísar Jóhannesson

Að sumrinu sjá strákarnir fyrir sér að kofinn verði færður nær tjaldstæðinu, aftan við skólann, enda sé hann byggður á vörubretti þannig að auðvelt sé að færa hann með dráttarvél. Þá verði það gestir tjaldstæðisins sem sinni hænunum en afar og ömmur á Hofsósi til vara.

Ólafur og Egill eiga heima í Fljótunum, um hálftíma akstur frá Hofsósi, Ólafur er frá Brúnastöðum og Egill frá Molastöðum, sauðfjárbú eru á báðum bæjum og þeir eru því vanir skepnum. Á Brúnastöðum er meira að segja dýragarður á sumrin og þar eru margar tegundir af hænum, allt frá risastórum niður í litlar kornhænur. Báðir voru piltarnir að ljúka 10. bekk og ætla í Menntaskólann á Akureyri með haustinu.



**Svona er hann eftir breytinguna.**

**gun@frettabladid.is**

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 2. JÚNÍ 2017



Alþjóðlegi kleinuhringjadagurinn er í dag. Hann á rætur sínar að rekja til Bandaríkjanna og þar er hann í hávegum hafður.

lífsstíll ➜ 6



Vilborg Halldórsdóttir hefur aldrei verið hrædd við að takast á við nýjar áskoranir. MYND/STEFÁN




# Kvenleikinn er alls konar

Vilborg Halldórsdóttir, leikkona og leiðsögumaður, vill vera sólarmegin í lífinu. Hún segir að konur verði sjálfar að skrifa hlutverk fyrir konur, skapa sér verkefni og að þetta þurfi að gerast ekki seinna en núna. ➜2

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@365.is






Í haust ætlar Vilborg að fara til Balí með hóp Íslendinga og kynna fyrir þeim dásemdir eyjarinnar.



Á toppi Agung fjalls á Balí sem er 3.142 metrar á hæð, ásamt leiðsögumanni. Þetta er brattasta fjall sem Vilborg hefur klifið.

Við Vilborg mælum okkur mót á heimili hennar í miðbæ Reykjavíkur. Hún býr ásamt fjölskyldu sinni í fallegu bakhúsi í grennd við einn helsta ferðamannastað höfuðborgarinnar. Gatan er þó sérlega friðsæl og ekki laust við að umhverfið minni eilítið á útlönd.

Vilborg er með mörg járn í eldinum þessa dagana og líf hennar snýst aðallega um leiklist og leiðsögn. „Ég er að leika í sjónvarpsþáttaröð um Stellu Blómkvist, sem Saga Film framleiðir. Mér sýnist allt stefna í að þetta verði mjög gott og spennandi sjónvarpsefni, en þættirnir verða sýndir á næsta ári. Heiða Reed leikur Stellu en sjálf leik ég Láru sem er ráðuneytisstjóri í innanríkisráðuneytinu. Mér finnst þetta afskaplega skemmtilegt, enda er mitt mottó að geta sagt að ég elski starfið mitt,“ segir Vilborg brosandi.

Hún tekur daginn snemma því klukkan sjö þarf hún að vera mætt í smink. „Svo mæti ég á tökustað og er tilbúin fyrir tökur. Ég er svo heppin að vera í hópi með æðislega hæfileikaríku fólki. Í gegnum tíðina hef ég leikið meira í sjónvarpi en í kvikmyndum en þó mest á sviði. Ég lék í kvikmynd árið 2002 og svo í Hross í oss árið 2012 og á þessum tíma hafa orðið gríðarlegar framfarir í kvikmyndagerð hérlendis.“

## Konum troðið í búning

Vilborg hefur alltaf haft sterkar taugar til leikhússins og mun stíga á svið í Iðnó á sjálfan þjóðhátíðardaginn. „Ég er líka í stórskemmtilegu verkefni með leikhúslistakonum í Iðnó. Við erum að búa til sýningu sem heitir Konur og krínólín þar sem farið er yfir búningasögu kvenna og öll þau form sem konum hefur verið troðið í í gegnum tíðina. Við tökum tímabilið frá 1890-1990 með húmorinn að vopni. Edda Björgvins er handritshöfundur og sögumaður og það verður geggjuð tónlist í sýningunni. Áður en sýningin hefst munu reiðkonur úr Fáki ríða á hestum í kringum Tjörnina, að sjálfsögðu í fallegum og kvenlegum búningum. Þetta verður mikil gleði,“ segir Vilborg, sem skorar á fólk að láta Konur og krínólín þann 17. júní sem verður sýnt kl. 16.00 ekki fram hjá sér fara en aðgangur er ókeypis.

„Svo er ég að skrifa kvikmyndahandrit upp úr mjög spennandi bók. Ég vil að svo komnu máli ekki gefa upp hvaða bók þetta er, en þetta er mjög áhugavert efni,“ segir Vilborg leyndardómsfull en hún hefur áður skrifað leikrit um landnámsmanninn Gauk á Stöng. Leikritið var sett upp í Árnesi en



„Ég er í stórskemmtilegu verkefni með leikhúslistakonum í Iðnó. Við erum að búa til sýningu sem heitir Konur og krínólín þar sem farið er yfir búningasögu kvenna og öll þau form sem konum hefur verið troðið í í gegnum tíðina.“

Vilborg leikstýrði því og sá auk þess um svið og búninga. „Þetta var ótrúlega gaman og gefandi. Þegar maður hefur lært leiklist hefur maður hana alltaf hjá sér. Mig langar að halda áfram að vinna með Gauk á Stöng og draumurinn er að setja leikritið upp í Þjóðveldisbænum Stöng í Þjórsárdal yfir sumartímann.“

## Of fá kvenhlutverk

Mikil umræða hefur verið um konur í leiklist og að hlutverk séu almennt of fá og fari fækkandi eftir því sem leikkonur eldast. Vilborg tekur undir þetta og þegar hún er spurð hvort hún finni fyrir þessu á eigin skinni segist hún að sjálfsögðu gera það. „Sem betur fer er þó að verða vitundarvakning í þessum efnum. Konur verða bara að taka þetta í sínar hendur og skrifa ný hlutverk fyrir sig, skapa sér verkefni og koma þeim á koppinn. Það er ekki spurning hvort eða hvenær þær þurfa að gera. Þetta þarf að gerast núna. Kvenleikinn er líka alls konar. Við þurfum líka öll að vera meðvituð um hlutverk kvenna, t.d. í kvikmyndum. Eru þær bara til skrauts? Hafa þær eitthvað merkilegt að segja eða eru þær bara að tala um karlana í myndinni? Hugsaðu þér að það bráðvanti barnasögur þar sem aðalsöguhetjan er stúlka en ekki prinsessa.“

## Á leiðinni til Balí síðan ’78

Vilborg hefur aldrei verið hrædd við að takast á við ný verkefni. Auk leiklistarinnar hefur hún um árabil starfað við leiðsögn og sýnt Ítölum náttúru Íslands. Í haust ætlar hún að söðla um og fara með hóp Íslendinga til Balí og sýna þeim dásemdir eyjarinnar. „Ferðin til Balí er hluti af því að gera bara það sem mér finnst skemmtilegt. Ég er í samstarfi við Farvel og þetta verður ævintýraleg ferð því við munum gista á fjórum mismunandi stöðum. Við förum m.a. út í eyju sem heitir Gili og er paradís líkust og þar munum við gista á hóteli sem samanstendur af strákofum. Ströndin þarna er guðdómleg og sjórinn sá hreinasti sem ég hef verið í. Þetta er ekki jógaferð heldur er tilgangurinn að vera til og njóta lífsins. Fólk getur gengið á fjöll, hjólað eða slakað á. Það er ástæða fyrir því að fólk leitar til Balí, fólk finnur hvað þetta er heilagur staður. Eyjan er eins og stöðug veisla fyrir augað,“ segir Vilborg glaðlega en hún hefur kynnst Balí ágætlega og dvalið þar nokkrum sinnum. „Segja má að ég hafi verið á leiðinni þangað síðan árið 1978 þegar ég samdi textann við lagið Mér finnst rigningin góð með Grafík.“



MYND/STEFÁN

„Ég er að leika í sjónvarpsþáttaröð um Stellu Blómkvist, sem Saga Film framleiðir. Mér sýnist allt stefna í að þetta verði mjög gott og spennandi sjónvarpsefni.“

## Syngur á Lögbergi

Vilborg segist hafa verið plötuð út í leiðsögn fyrir tuttugu árum því hún tali ítölsku. „Það var áskorun fyrir mig en þannig viðheld ég tungumálinu. Ég elska Ítali, hvernig þeir eru, hvað þeir hafa góðan húmor fyrir sjálfum sér og eru mikil náttúrubörn. Ítalir eru mjög hrifnir af íslenskri náttúru. Þeir eiga það sameiginlegt með okkur Íslendingum að hafa barnslegt hjarta. Þeir hafa kennt mér ótrúlega margt, og ég þeim.“

Leiklistin hefur komið sér vel í starfi leiðsögumannsins og Vilborg segist nýlega hafa gert sér grein fyrir því að hún hafi í raun staðið á sviði í tuttugu ár. „Ég er alltaf fyrir framan hóp af fólki. Á Þingvöllum nota ég Lögberg sem svið og syng fyrir ferðamenn, og ekki bara mína. Ég syng mjög oft lagið hans Áskels Mássonar sem er við texta Halldórs Laxness „Þegar danski fáninn var týndur við Öxará“ en hann lætur ljóðið gerast þar.“

Íslensk náttúra er Vilborgu hugleikin og hún hefur ákveðnar skoðanir á því hvernig stjórnvöld halda á ferðamálum. „Ég hef skrifað margar greinar til varnar íslenskri náttúru og hef skoðanir á alls konar hlutum. Það er margt sem ég er ekki sátt við en ég get ekki dvalið í ósættinu og verið sífellt neikvæð. Ég vil vera sólarmegin í lífinu. Ég vona að okkur beri gæfa til að hafa rammann þannig að ferðamennskan sé í jafnvægi við lífið í landinu, eins mér finnst hafa tekist á Balí. Þar eru t.d. reglur um hvar megi byggja hótel og hvar ekki og það er bannað að byggja háa hóteltúrna yfir lágreista byggð eyjarinnar. Við getum tekið okkur margt þaðan til fyrirmyndar. Við Íslendingar viljum vera svo mikið í nútímanum að við gleymum hvar ræturnar okkar liggja. Það eru þær sem eru aðalaðdráttaraflið fyrir þá gesti sem sækja landið heim,“ segir hún að lokum.

Menntaskólinn í Kópavogi - #mklífið

Þekking - Þroski - Þróun - Þátttaka

Hjartað slær í MK

STÚDENTSNÁM:
- Alþjóðabraut
- Félagsgreinabraut
- Raungreinabraut
- Viðskiptabraut
- Opin braut
- Framhaldsskólabraut

GRUNNDEILD MATVÆLA OG FERÐAGREINA:
- Bakari
- Framreiðslumaður (þjónn)
- Kjötiðnaðarmaður
- Matreiðslumaður (kokkur)
eða starfa í ferðaþjónustu

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á WWW.MK.IS OG Á FACEBOOK SÍÐU SKÓLANS

Sími: 594 4000



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN | FERÐAMÁLASKÓLINN | LEIÐSÖGUSKÓLINN



FRÁBÆRT úrval og GOTT verð!
Stærðir 36-56
GLÆNÝ SENDING!
Full verslun af nýjum kjólum, túnikum, skokkum, buxum, toppum og skóm
ZIK ZAK
TÍSKUHÚS
KJÓLL 5.990kr st.S-XXXL
KJÓLL 6.990kr st.S-XXXL
TÚNIKA 6.990kr st.38-52
KJÓLL 5.990kr st.S-XXXL
BOLUR 4.990kr st.36-48
TÚNIKA 6.990kr st.38-52
KJÓLL 7.990kr st.S-XXXL
KJÓLL 6.990kr st.S-XXXL
TÚNIKA 6.990kr st.38-56
Skór 4.990,- st. 36-41
Ótrúlega léttir og þægilegir!
Skór 4.990,- st. 36-41
Skór 4.990,- st. 36-41
Tískuhús Zik Zak
www.Facebook.com/zikzakkringlan
Kringlan 551-1314
Glerártorg 559-1314

# Tandoori kjúlli á indverska vísu

Eva Laufey töfrar fram kræsingar í þáttum sínum Í eldhúsi Evu, á Stöð 2






Tandoori kjúklingur með naanbrauði og raita sósu.

## Í eldhúsi Evu



Eva Laufey Hermannsdóttir

## Tandoori kjúklingur

**700-800 g kjúklingakjöt, helst læri**
**2 hvítlauksrif**
**4 cm engifer, ferskt**
**200 g ab-mjólk**
**1 tsk. paprika**
**1 tsk. garam masala**
**1 tsk. salt**
**½ tsk. pipar**
**1 tsk. kóríander**
**1 tsk. túrmerik**

Rífið niður engifer og hvítlauk í skál, hellið ólífuolíunni saman við og hrærið vel. Bætið kryddinu saman við og hrærið. Því næst fer ab-mjólkin eða hreint jógúrt út í og öllu blandað vel saman. Skerið rákir í kjúklingakjötið áður en þið setjið kjötið út í marineringuna.Setjið plastfilmu yfir skálina og geymið í ísskáp í nokkrar klukkustundir, best yfir nótt. Hitið grillpönnu eða útigrillið, takið kjúklingakjötið úr marineringunni og grillið á mjög heitri pönnu eða grilli í 5-7 mínútur á hvorri hlið eða þar til kjúklingurinn er eldaður í gegn. Saxið niður ferskan kóríander og sáldrið yfir kjúklinginn áður en hann er borinn fram.

## Naanbrauð

**150 ml volgt vatn**
**200 g hveiti**
**2 tsk. þurrger**
**1 tsk. hunang**
**1 tsk. salt**
**3 msk. ab-mjólk**
**1 msk. ólífuolía**
**1 msk. brætt smjör**
**1 msk. ólífuolía**
**1 hvítlauksrif**
**½ tsk. salt**
**1 tsk. smátt söxuð steinselja**

Blandið vatni, geri og hunangi saman í skál. Leggið viskastykki yfir skálina og um leið og það byrjar að freyða í skálinni er gerið tilbúið. Bætið því næst hveitinu, saltinu, ab-mjólkinni og ólífuolíunni saman við og hrærið vel saman. Stráið smá hveiti á borð og hnoðið þar til deigið verður samfellt og fínt, leyfið deiginu að hefast í klukkustund. Skerið deigið í litla bita og mótið kökur, þær eiga að vera fremur þunnar. Steikið á heitri pönnu á hvorri hlið í 1-2 mínútur. Blandið saman í skál, smjöri, olíu, salti, steinselju og hvítlauk og penslið á naan-brauðin þegar þau eru nýsteikt. Það gefur þeim dásamlegan hvítlaukskeim! Má auðvitað sleppa því ef þið eruð ekki hrifin af hvítlauk.

## Raita sósa

**250 g ab-mjólk**
**½ agúrka**
**Salt og pipar**
**2 msk. smátt saxður kóríander**

Saxið hráefnin afar smátt og blandið öllu vel saman í skál, geymið helst í kæli í smá stund áður en þið berið sósuna fram.

# Eyesland gleraugnaverslun



Kynning á gleraugnaversluninni Eyesland Grandagarði 13 og Glæsibæ 5. hæð

FÖSTUDAGUR 2. JÚNÍ 2017




# Allir eiga skilið góð gleraugu á góðu verði

Eyesland gleraugnaverslun var opnuð 2010. Frá upphafi hefur markmiðið verið að bjóða gæða gleraugu á góðu verði, að sögn Helgu Kristinsdóttur sjóntækjafræðings. →2

Framhald af forsíðu ➪

Í upphafi var Eyesland verslunin aðeins í litlu skoti á fimmtu hæð í Glæsibæ en síðan þá hafa umsvifin aukist mikið. Verslunin hefur nú sprengt utan af sér plássið og fyrir stuttu var opnuð önnur Eyesland gleraugnaverslun við Grandagarð 13.

Helga Kristinsdóttir, sjóntækjafræðingur og einn af stofnendum Eyesland, segir að frá upphafi hafi verði lögð áhersla á að flytja inn hágæðagleraugu frá Bandaríkjunum, Asíu og Evrópu. „Síðar bættust heimsþekkt vörumerki við vöruvalið eins og Ray-Ban, Boss, Tommy Hilfiger, Centro Style, Cocoa Mint og sportgleraugu frá sem dæmi Redbull, Smith, Bollé, Cébé, svo eitthvað sé nefnt,“ segir hún.

### Breitt vöruúrval

Hvort sem um er að ræða heimsþekkt vörumerki eða ekki, þá er það stefna Eyesland að bjóða góð gleraugu, góða þjónustu og gott verð.

„Með nýrri verslun við Grandagarð 13 höfum við loksins tækifæri til að sýna það breiða vöruúrval sem við höfum að bjóða í gleraugum, linsum og öðrum augnheilsuvörum,“ segir Helga.

Alla tíð hefur stefnan hjá Eyesland verið sú að bjóða upp á góð gleraugu á góðu verði. Með nýrri og stærri verslun er hægt að skoða hið góða úrval af hágæða sportgleraugum, sem henta vel fyrir sumarið.

### Sjónmæling og linsumátun

Samhliða opnun nýrrar verslunar á Grandagarði fjárfesti Eyesland í nýjustu tækni af glerslípunarvél fyrir verkstæðið sem er staðsett þar og einnig tveimur hágæða sjónmælingartækjum fyrir báðar verslanir sínar.

„Við bjóðum upp á sjónmælingu og linsumátun í Glæsibæ og í Grandagarði 13,“ segir Helga að lokum en best er að panta tíma í síma 510 0110 eða á netinu, www.eyesland.is.



Starfsfólk Eyesland á nýjum stað, Grandagarði 13. Helga er önnur frá vinstri á myndinni. MYND/ERNIR



Hjá Eyesland er gott úrval af flottum gleraugum fyrir börn.

> ” Með nýrri verslun við Grandagarð 13 höfum við loksins tækifæri til að sýna það breiða vöruúrval sem við höfum að bjóða í gleraugum, linsum og öðrum augnheilsuvörum.
>
> Helga Kristinsdóttir

# Sjóngler í hæsta gæðaflokki

## Harald Kristófersson sjóntækjafræðingur segir að mörgu að huga við val á sjónglerjum og umgjörðum. Eyesland býður úrval hágæða sjónglerja sem mæta ólíkum þörfum.

Þegar fólk velur sér gleraugu hugsa flestir fyrst um umgjörðina. Sjónglerin eru hins vegar einnig mikilvægur þáttur í valinu því það eru þau sem hafa áhrif á sjónina,“ útskýrir Harald Kristófersson, sjóntækjafræðingur og sérfræðingur á verkstæði.

Hann segir sjóngler flókin í framleiðslu. „Sjóngler eru samsett úr blöndun efna og þá ræður nákvæmni í úrvinnslu glerjanna og slípun gæðum þeirra,“ segir Harald. Úrvals sjóngler fást hjá Eyesland.

„Eyesland býður meðal annars upp á sjóngler frá Shamir sem er einn af leiðandi framleiðendum í heimi af hágæða sjóngleri. Shamir eru frægir fyrir nýsköpun, tækniþróun og mikil gæði auk þess sem þeir hafa verið að sérframleiða fyrir ákveðin vörumerki og eru fljótir að bregðast við breytilegum kröfum neytenda.“



„Sjónglerin eru mikilvægur þáttur við val á gleraugum,“ segir Harald Kristófersson, sjóntækjafræðingur og glerslípari. MYND/EYESLAND



„Við bjóðum upp á sjónmælingu og linsumátun í Glæsibæ og á Grandagarði 13,“ segir Helga Kristinsdóttir sjóntækjafræðingur. MYND/ERNIR

### Mæta ólíkum þörfum

Í boði er fjölbreytt vöruval í sjónglerjum með lausnum fyrir mismunandi þarfir. Hægt er að fá einfókus gler, margskipt eða tvískipt, gler sem dökkna í birtu og einnig sérstök gler sem dökkna vel í gegnum bílrúður. Þá er hægt að fá sólgler með styrk, mismunandi liti á glerjum og fleira. Hér er dæmi um vörulínu í boði Shamir Autograph III®, Shamir InTouch ™, Shamir Spectrum + ™, Shamir Element ™, Shamir Golf ™, Shamir Relax ™, Shamir Attitude III®, Shamir Duo ™, Shamir Computer ™, Shamir WorkSpace ™ og Shamir Office ™.

### Styrkleiki hefur áhrif á útlit

„Styrkleiki glersins og einnig það hvort um er að ræða nærsýni eða fjærsýni, hefur töluverð áhrif á þyngd og útlit gleraugna,“ segir Harald. „Ef um nærsýni er að ræða verða glerin kúptari eftir því sem styrkurinn er meiri. Við val á umgjörð þarf því að hafa í huga að þykkt glerjanna verði ekki áberandi í ytri kanti umgjarðar. Við fjarsýni eykst hins vegar miðjuþykkt glersins. Í dag velja flestir sjóngler úr plasti en það er mun léttara og getur skipt sköpum þegar styrkleiki er hár eða umgjörð stór. Einnig brotnar sjóngleri úr plasti síður ef gleraugun detta í gólfið en á móti eru þau mýkri og hættara við að rispast. Þá hefur þróun í rispuvörnum farið mikið fram og hægt er að fá nýjustu rispuvörnina á flest af glerjunum okkar,“ segir Harald. „Við hjá Eyesland leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum okkar faglega ráðgjöf svo samspil umgjarðar og glerja verði sem fallegast og þægilegast að bera fyrir viðskiptavininn.“

Útgefandi: 365 miðlar | Gleraugnaverslunin Eyesland: www.eyesland.is | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Veffang: Visir.is



Þeir sem stunda fjallamennsku þurfa að huga að því að verja augun vel gegn birtu.

# Sólgleraugu og sportgleraugu með styrk

Eyesland býður upp á hágæða sportgleraugu. Að sögn sjóntækjafræðingsins Maríönnu Jónsdóttur er mörgum ekki kunnugt um að hægt er að fá sportgleraugu með og án styrks og jafnvel margskipt. Hún segir það skipta miklu máli að sjá vel og verja sjónina við íþrótta- og tómstundaiðkun.

Nú er golftímabilið hafið en í golfi skiptir sjónin og nákvæmnin höfuðmáli. Þá er gott að vera með létt og sveigjanleg gleraugu sem eru mjög stöðug á andlitinu og með gleri sem gefur skarpari mynd af golfboltanum í fjarlægð jafnt sem inni á gríninu,“ útskýrir Maríanna. Hún segir Bollé Golf dæmi um vinsæl golfgleraugu sem kosta frá 24.890 krónum.

Að sögn Maríönnu þurfa hlaupa- og hjólagleraugu líka að vera létt, sveigjanleg og haldast á sínum stað svo fókusinn sé á ferðina og umhverfið. „Eins skiptir máli að ramminn sé hannaður til að minnka móðumyndun og því er gott ef þau eru með loftun á hliðunum eins og Cébé S’Track hlaupagleraugun sem eru mjög vinsæl. Þau koma með auka linsu, Clear Cat 1, sem er frábær fyrir rigningu og þoku. Þá eru Smith Approach Max hjólagleraugu mjög vinsæl og CéBé Cinetik og Wild sem koma með „Optical Clip“ en það er álma sem hægt er að setja styrk í,“ upplýsir Maríanna.

Þeir sem stunda fjallamennsku, sem verður sífellt vinsælla, þurfa að sögn Maríönnu að huga að því að verja augun vel gegn birtu og endurkasti frá snjó. Glerin þurfa að vera með vönduðu dökku gleri eða speglagleri sem endurkastar birtunni í sól. „Cébé Lhotse gleraugun sem eru sérhönnuð til



Maríanna segir alla geta fundið gleraugu við hæfi í Eyesland. MYND/ERNIR





Bollé Golf eru vinsæl golfgleraugu. Þau kosta frá 24.890 kr.

að nota á jöklum eða í fjallgöngu eru sérstaklega vinsæl og hægt að fá með Cat3 speglagleri eða Cat4 sólgleri en þau eru það dökk að það má ekki keyra með þau,“ segir Maríanna.

Hún segir kontrast gler líka vinsæl til útivistar. „Þau eru ekki eins dökk og venjuleg sólgler og virka því vel bæði í sól og gráu veðri eins og í þoku.“

Í Eyesland fást líka veiðigleraugu en þau eru oftast „polarized“. „Polariezed gler tekur endurkast frá vatni og þú sérð betur ofan í vatnið, og þar af leiðandi fiskinn. Grængulur litur virkar best, en hann er dýrari og hægt að sérpanta með og án styrks.“

Í versluninni er margt annað á boðstólum. „Við höfum tekið á móti hópum í kynningu á umgjörðum og glerjum ásamt öðrum lausnum sem henta þeirri íþrótt eða afþreyingu sem hópurinn stundar. Slík fræðsla fer fram í verslun okkar á Grandagarði utan opnunartíma.“

Nánari upplýsingar eða bókanir í tölvupósti á marianna@eyesland.is



Edda Friðfinnsdóttir er aðstoðarverslunarstjóri í Eyesland gleraugnaverslun í Glæsibæ. Hér heldur hún á ítölsku verðlaunaumgjörðunum frá iGreen sem komu nýlega í hillurnar í Eyesland. Umgjarðirnar eru þeim frábæra eiginleika búnar að hægt er að kaupa á þær auka arma sem auðvelt er að skipta um og með því brydda upp á alveg nýju útliti. MYND/ERNIR






Eyesland býður upp á gler og umgjarðir á góðu verði svo að fólk geti leyft sér að taka fleiri en ein gleraugu í einu, enda kostur að geta skipt um útlit með lítilli fyrirhöfn og jafnvel eftir skapi.

# Rétt umgjörð gerir alla flotta

## Falleg gleraugu eru hluti af heildarútliti og setja punktinn yfir i-ið. Gleraugnatíska sumarsins er fjölbreytt og skemmtileg og hefur að geyma litfagrar umgjarðir, yfir í glærar og hvítar.

Ljósari og hlýrri tónar koma sterkir inn í sumar en svartar umgjarðir verða sennilega alltaf vinsælastar og spurning hvort þær taki yfirhöndina í haust, þó vonandi ekki,“ segir Edda Friðfinnsdóttir, aðstoðarverslunarstjóri Eyesland gleraugnaverslunar í Glæsibæ.

Edda segir mun á gleraugnatísku karla og kvenna ekki vera afgerandi.

„Allavega ekki hjá fólki fram að miðjum aldri en eftir það tekur maður eftir aðeins látlausari umgjörðum í gleraugnavali. Eldra fólk er meira fyrir léttari umgjarðir og vill síður hafa þær miklar eða mjög áberandi. Það er þó virkilega gaman að sjá hvað eldra fólk, sem hefur alla tíð verið með frekar látlaus gleraugu, verður oft hissa og jafnframt ánægt þegar maður setur á andlit þeirra litsterka og meira áberandi umgjörð. Það er heldur aldrei of seint að breyta um stíl í gleraugum og hægt að gera alla flotta með réttu umgjörðinni. Falleg gleraugu eru hluti af heildarútliti og setja oft punktinn yfir i-ið.“

Af vinsælum umgjörðum nú nefnir Edda kringlótt gleraugu og umgjörðir úr málmi.

„Þar má nefna Aviator-gleraugun sem hafa verið mjög vinsæl undanfarið, jafnt í sólgleraugum og venjulegum, og hjá báðum kynjum. Þar eru gylltar umgjarðir og með tvöfaldri brú sem hafa vinninginn.“

Runninn er upp sá árstími þegar fólk vill breyta til og gera vel við útlitið, segir Edda.

„Af því tilefni bjóðum við upp á gler og umgjarðir á góðu verði svo að fólk geti leyft sér að taka fleiri en ein gleraugu í einu, enda gaman að geta skipt um útlit með lítilli fyrirhöfn eða skipta um gleraugu eftir því hvernig skapi fólk er í.“

> **”Fólk verður oft hissa og jafnframt ánægt þegar maður setur á andlit þess litsterka og meira áberandi umgjörð.**
>
> Edda Friðfinnsdóttir

Dæmi um verð á margskiptu gleri með glampavörn er frá 19.980 krónum og einfókus gler með glampavörn frá 7.380 krónum.

„Nú fást líka hjá okkur ítölsku umgjarðirnar iGreen sem fengu hönnunarverðlaun á Ítalíu á þessu ári. Þær hafa fengið mjög góðar undirtektir í verslun okkar enda litríkar og úr mjög léttu plasti. Það sem er sniðugt við þær er að það er hægt að kaupa auka arma á þær og eiga til skiptanna. Verðið er frá 11.900 krónum og auka armar á 2.900 krónur,“ upplýsir Edda.

Umgjarðir með segulsólhlíf frá Centro-Style hafa einnig verið mjög vinsælar í Eyesland og fást í mörgum stærðum og gerðum, bæði með speglagleri og venjulegu sólgleri. Þær kosta frá 16.800 krónum.

„Einnig hafa umgjarðir og sólgleraugu frá Eye-Space, það er Jensen, Cocoa Mint, Zips, Louise Marcel, Bacebox og Rock Star barnaumgjarðir, verið mjög vinsælar. Þær eru klæðilegar og á mjög góðu verði frá 4.900 krónum,“ segir Edda. „Við höfum jafnframt fjölbreytt og mikið úrval af umgjörðum og sólgleraugum frá Ray-Ban, Red-Bull, Boss og Tommy Hilfiger og vorum til að mynda að fá í hús nýjar Ray-Ban umgjarðir sem eru alltaf jafn vinsælar.“

Hjá Eyesland gleraugnaverslun er einnig hægt að fá margskiptar linsur.

„Sá valkostur er tilvalinn fyrir þá sem stunda mikla útivist, jafnt yfir sumar- og vetrartímann. Linsurnar eru fínar í golfið og fyrir þá sem ganga mikið á fjöll og vilja geta skellt flottum golf- og útivistar sólgleraugum á nefið. Þær henta að sjálfsögðu einnig vel innandyra,“ segir Edda og býður viðskiptavini hjartanlega velkomna í verslanir Eyesland til að máta heillandi úrval gleraugna.

Eyesland gleraugnaverslun er að Grandagarði 13 og á 5. hæð í Glæsibæ. Opið er frá klukkan 10 til 18 virka daga og á laugardögum frá 11 til 16 á Grandagarði en virka daga frá klukkan 8.30 til 17 í Glæsibæ.

# Vörurnar sem þig dreymir um að eignast



## Fatboy Stripesol
sólhlíf með borði

Hlíf 350sm
Borð 76x120sm
Golfplata 74sm

Verð **100.858 kr.**

## Fatboy Headdemock
hengirúm

Verð **47.886 kr.**

# fatboy®

**Fatboy á íslandi**
á horni Ármúla og Grensásvegar
Facebook.com/fatboyisland
Sími 588 1955

## Fatboy Original Nælon-púði (60x60x110sm) Verð 23.650 kr.
Einnig til úr 100% steinþvegnum bómul. Verð **23.650 kr.**



20 LITIR

YFIR 30 LITIR

## Fatboy Junior púði (60x60x72sm)
Verð **17.727 kr.**



4 LITIR

Metahlowski
púði **32.645 kr.**



2 LITIR

Camouflage
púði **26.838 kr.**



16 LITIR

Buggle-Up
púði **32.645 kr.** (190x140sm)



## The Lamzac Original púði
(200x90sm) Elskar útiveru

Verð **8.694 kr.**



## Edison The medium
lampi Verð **28.838 kr.**

(32x51sm)



## Edison The Grand
lampi

Verð **49.929 kr.**

Elskar útiveru
(60x90sm)

CopperCappie
skermar **1.745 kr.**



## Edison The Petit
lampi Verð **7.580 kr.**

(16x25sm)



## Cappie-On Deluxe-lampi
Verð **10.650 kr.**

## Cappie-On lampi
Verð **7.580 kr.**

Birtu-stillanlegur, hægt að hlaða og elskar útiveru

(13x25sm)

CopperCappie
skermar **1.745 kr.**

## Doggielounge púði
Stór Nælon **12.833 kr.** (60x60x72sm)
Stór steinþveginn **13.989 kr.**



Lítill nælon **9.331 kr.** (47x47x52sm)
Lítill steinþveginn **10.477 kr.**

# Kleinuhringir í ofni

## Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarfulltrúi í Hafnarfjarðarbæ og matgæðingur, setti saman einfalda uppskrift að kleinuhringjum sem bakaðir eru í ofni.

Ilmandi kleinuhringi sem ekki þarf að djúpsteikja er best að baka í þar til gerðum kleinuhringjaformum. Eftirfarandi uppskrift er fengin úr bók Rósu Guðbjartsdóttur, Partíréttir, sem kom út árið 2013. „Þegar mér áskotnaðist sérstakur kleinuhringjabakki til að baka í þá stóðst ég ekki mátið að prófa kleinuhringjagerð og var ég fyrir nokkrum árum að prófa mig áfram í þeim efnum. Kleinuhringina hef ég gert í barnaafmæli í gegnum tíðina við góðar undirtektir. Krökkunum finnst líka mjög gaman að fá að skreyta þá að vild. Nú fást svona kleinuhringjaform víða, jafnt til að baka stóra sem litla kleinuhringi,“ segir Rósa.

### Kleinuhringirnir

- 130 g hveiti
- 50 g sykur
- 2 tsk. lyftiduft
- ¼ tsk. múskat
- 1 tsk. salt
- 2 dl súrmjólk
- 2 msk. mjólk
- 2 egg
- 2 msk. grænmetisolía eða brætt smjör

Hitið ofninn í 210 gráður. Sigtið þurrefnin saman í stóra skál. Bætið súrmjólk, mjólk, eggjum og öllu út í og hrærið varlega saman. Skiptið síðan deiginu í kleinuhringjaformin og bakið í um 8 – 10 mínútur eða þar til kleinuhringirnir eru orðnir gylltir að lit.



Rósa Guðbjartsdóttir bakar sína kleinuhringi í ofni.

### Karamelluglassúr

- 2 msk. smjör
- 2 msk. púðursykur
- 2 msk. rjómi
- Örlítið salt
- 2 dl flórsykur

Bræðið smjör og púðursykur saman við vægan hita, hrærið vel þar til sykurinn er alveg bráðnaður. Takið af hitanum og hrærið salt og rjóma saman við. Hrærið síðan flórsykri saman við allt með rafmagnsþeytara. Auðvelt er að bæta aðeins af flórsykri í kremið ef þið viljið þykkja það, eða rjóma til að þynna kremið.

### Súkkulaðiglassúr

- 150 g flórsykur
- 3 msk. kakóduft
- 3-4 msk. mjólk
- 2 tsk. vanilludropar



# Glöddu hermenn í fyrri heimsstyrjöldinni

## Alþjóðlega kleinuhringjadaginn má rekja til þess hve mikið kleinuhringir glöddu hermenn í fyrri heimsstyrjöldinni. Hann hefur verið haldinn árlega síðan 1938 og er nýttur í fjáröflunarskyni fyrir Hjálpræðisherinn.

Alþjóðlegi kleinuhringjadagurinn er í dag. Hann ber ávallt upp á fyrsta föstudag í júní og á rætur að rekja til Bandaríkjanna. Daginn má rekja til þess þegar meðlimir Hjálpræðishersins í Chicago fóru að baka þetta dísæta, hringlaga, djúpsteikta bakkelsi ofan í bandaríska hermenn sem gegndu herþjónustu í fyrri heimsstyrjöldinni. Kleinuhringir voru þegar komnir til sögunnar á þeim tíma en tilgangurinn var að gera hermönnunum glaðan dag og minna þá á heimahagana.

Daginn má nánar til tekið rekja til þess að herlæknirinn Morgan Pett, sem annaðist særða hermenn í fyrri heimsstyrjöldinni, tók upp á því að færa þeim kleinuhringi, við mikla hrifningu. Í kjölfarið var ákveðið að fara í fjáröflun í samstarfi við Hjálpræðisherinn til að geta haldið áfram að létta hermönnunum lífið. Árið 1917 var ákveðið var að víkka hugmyndina út og koma upp litlum hýsum á átakasvæðum þar sem hægt var að mæta ýmsum þörfum hermannanna. Hjálpræðisherinn sendi 250 sjálfboðaliða til Frakklands til að koma hýsunum á fót. Þau urðu fljótt eins konar félagsmiðstöðvar. Þær voru vel sóttar og þar gátu menn fengið bæði kaffi og kleinuhringi.

Árið 1938 var Alþjóðlega kleinuhringjadeginum komið á fót og hefur hann verið haldinn æ síðan. Dagurinn hefur ávallt verið nýttur í fjáröflunarskyni fyrir Hjálpræðisherinn og kom ágóðinn meðal annars að góðum notum í kreppunni miklu.

Verslanir og stórmarkaðir víðsvegar um Bandaríkin taka virkan þátt í deginum ár hvert og sjást margir gæða sér á kleinuhring í tilefni dagsins. Víða eru þeir jafnvel boðnir ókeypis.

En Bandaríkjamenn láta ekki hér við sitja. Þeir halda líka upp á alþjóðlega sultufyllta kleinuhringjadaginn 8. júní og alþjóðlega rjómafyllta kleinuhringjadaginn 14. september. Þann 30. október er dagurinn „Kauptu kleinuhring“ svo haldinn hátíðlegur.



Herlæknirinn Morgan Pett tók upp á því að færa særðum hermönnum kleinuhringi í fyrri heimsstyrjöldinni, við mikla hrifningu. Það var fyrsti vísir að Alþjóðlega kleinuhringjadeginum.


Krispy Kreme®
KOMDU Í SMÁRALIND OG FÁÐU
FRÍAN
ORIGINAL GLAZED®
KLEINUHRING
Gildir aðeins 2. júní á meðan birgðir endast. Krispy Kreme Smáralind.
2. JÚNÍ 2017
NATIONAL
DOUGHNUT
DAY
Opnum
16. júní
í Skeifunni

# Húsmæðrablæti og fullkomnunarárátta



## María Nielsen sökkti sér í rannsóknir á hinni fullkomnu húsmóður við vinnslu lokaverkefnis síns í fatahönnun frá LHÍ.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is










Rannsóknin við vinnslu lokaverkefnisins snerist um afbökun á ímynd hinnar fullkomnu húsmóður. Ég skoðaði hlutverk konunnar og húsmóðurinnar á sjötta og sjöunda áratugnum og hvað það hlutverk er fjarlægt raunveruleikanum í dag, allavega fyrir íslenskum konum. Hugmyndin um þessa fullkomnu húsmóður er í raun orðin blætistengd,“ útskýrir María Nielsen, nýútskrifaður fatahönnuður frá Listaháskóla Íslands.

„Út frá þeim pælingum skoðaði ég þráhyggju fyrir fullkomnun og blætið leiddi mig út í rannsókn á bindingum og hnútum. Ég skoðaði meðal annars japanska bindingarfræði sem bæði hefur listrænan tilgang og kynferðislegan. Í línunni kemur þetta fram í munstrum og í frágangi.“

María stefndi á nám í fatahönnun strax að stúdentsnámi loknu en til að undirbúa sig fór hún í kjólaklæðskeranám í Tækniskólanum. Hún segir klæðskeranámið hafa nýst vel í námi sínu við Listaháskólann.

„Ég fór í Tækniskólann eftir stúdent frá Versló og kunni ekkert að sauma. Mig langaði í fatahönnun en treysti mér ekki strax í skapandi nám án þess að hafa neinn grunn í tæknilegum útfærslum. Ég ætlaði mér bara eitt ár en endaði á að klára námið í Tækniskólanum. Grunnurinn í sníðagerð og saumaskap nýttist mér að sjálfsögðu við fatahönnunina og þar að auki eignaðst ég marga vini í klæðskeranáminu sem voru síðan boðnir og búnir til að hjálpa mér við lokaverkefnið. Þetta er svo stórt verkefni að maður getur þetta ekki einn. Fjölskyldan var einnig virkjuð öll kvöld síðustu vikurnar fyrir sýningu. Ég vann einnig með feld í línunni og fékk mikla hjálp hjá Heiðari feldskera. Það var ótrúlega gaman að finna hvað allir voru boðnir og búnir að hjálpa.“

*Hvað tekur við eftir útskrift?*
„Draumurinn er að fara út og víkka sjóndeildarhringinn, annaðhvort í framhaldsnám í fatahönnun eða í starfsnám en ég hef áður farið til Parísar í starfsnám. Kærastinn minn á eftir eitt ár af sínu námi hér heima og ég verð hér meðan hann klárar. Nú fer ég að vinna sem flugfreyja og vinn sjálfstætt áfram í lokaverkefninu mínu. Línan er gerð fyrir sýningu og mig langar að færa flíkurnar meira í átt að notagildi.“





**María Nielsen lauk námi í fatahönnun frá LHÍ í vor. Hún rannsakaði ímynd hinnar fullkomnu húsmóður við vinnslu lokaverkefnisins.** MYNDIR/LEIFUR WILBERG ORRASON





# Keypt & Selt

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga




**LOKAÐ ER 6-20 JÚNI HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Tómstundir & Ferðir

## Fyrir veiðimenn




Rússneskir gæða sjónaukar frá Yukon 25 % afsláttur af öllum sjónaukum Veiðiportið Grandagarði 3 552-9940

# Húsnæði

## Sumarbústaðir



Einbýlishús - sumarhús úr hágæðaharðfuru.
Kynnið ykkur úrvalið.
Gott verð.
Upplýsingar hjá
**ghalldor@simnet.is**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

**KG HÖNNUN**

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

# Atvinna

## Atvinna í boði

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir sumarstarfsfólki í vinnu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

Workers needed, Starfsmenn vantar í sveigjanleg verkefni tengdum ferðamönnum, s.s. þrif, samskipti og útréttingar Bókhaldsreynsla æskileg. Enskukunnátta nauðsynleg. Workers needed for various tasks, such as cleaning and communication with tourists. Sendið ferilskrá á isleiga@isleiga.com eða hringið í síma 7841698.




**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


## Húsnæði óskast

### Ártúnsholt / Árbær

Hjón með þrjú börn óska eftir **einbýli/raðhúsi/hæð á svæði 110,** Ártúnsholt / Árbær.
Aðeins langtímaleiga kemur til greina.
Reglusemi og skilvísar greiðslur.

Allar nánari upplýsingar sendist á:
**sendtohelgi@gmail.com**

## Atvinna

### Waldorfskólinn Sólstafir auglýsir

laust starf bekkjarkennara á yngsta stigi fyrir skólaárið 2017-2018.

Skólinn er sjálfstæður grunnskóli sem hefur skapandi skólastarf og mannrækt að leiðarljósi.

Nánari upplýsingar um starfið á
**solstafir@waldorf.is**

## Skemmtanir





**Cafe Catalina**
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**HAPPY HOUR alla föstudaga 16-19**

**LEIKIR HELGARINNAR:**

**Laugardaginn 3. júní**
**18:45 Juventus - Real Madrid**




**Rúnar Þór & Klettar**
**spila um helgina**
**föstudag frá kl. 23-02 (opið til 03) og laugardag frá kl. 00-03**

Gullnáman

**Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn**


## Tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

### Auglýsing um nýtt deiliskipulag í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Vogabyggð, svæði 1**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 17. maí 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 18. maí 2017 var samþykkt að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir íbúðarbyggð á svæði 1 í Vogabyggð. Skipulagssvæðið er hluti af stærra þróunarsvæði við Elliðaárvog og Ártúnshöfða sem er í endurskipulagningu og verður byggt upp samkvæmt áherslum Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030. Í skipulagstillögunni er lögð áhersla á fjölbreytta byggð, góð almenningsrými og tengingar við nálæg útivistarsvæði. Heildarfjöldi íbúða á svæðinu getur orðið um 350 og verður um að ræða vistvæna 3-5 hæða randbyggð í nálægð við náttúruna, þar sem lögð er áhersla á fjölbreyttar íbúðargerðir, heildstæðar götumyndir og borgarmiðað gatnakerfi. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna er einnig hægt að fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá 2. júní 2017 til og með 14. júlí 2017. Einnig má sjá tillöguna á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is*****, skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 14. júlí 2017. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 2. júní 2017
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is


**ráðum** ráðningarstofa

Ertu að leita að starfi?
**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

SAMSUNG

# RÝMUM

## FYRIR NÝJUM SJÓNVÖRPUM

Af því tilefni ætlum við að lækka verð á eldri sjónvörpum svo um munar. Hvort sem þú kýst að tala um afslátt, tilboð eða lækkun, þá er niðurstaðan sú sama, **þú eignast hágæða Samsung sjónvarp á verði sem hefur ekki sést áður**. Komdu og gerðu góð kaup á meðan birgðir endast.

40” · ULTRA HD PREMIUM · Samsung SMART TV The Future of Smart TV, Now · ULTRA HD · 55”

SUHD TV · Quad Core+ · SAMSUNG EKTA UHD 4K TV · Nano Crystal Color · Curved

65” · 49”



samsungsetrid.is

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Áfram strekkings norðaustanátt norðvestan til í dag, en lægir annars staðar. Væta með köflum í flestum landshlutum. Hiti 6 til 14 stig.




### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 12° | 7° | 12° |
| ← 11 | ↙ 7 | ← 7 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 10° | 10° | 8° |
| ← 7 | ← 12 | ← 8 |

### Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 11° | 9° | 11° |
| ← 8 | ← 8 | ← 9 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 8° | 11° | 8° |
| ← 8 | ← 11 | ← 8 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 1 | 3 |
| | 4 | 1 | | 3 | | 5 | | |
| 2 | | | | 8 | 5 | | | 4 |
| 1 | 5 | | 4 | | | 3 | 9 | |
| | 6 | 8 | | 7 | 9 | | | 2 |
| 4 | 2 | | | | | | | |
| 5 | 8 | | 2 | 9 | 7 | | | |
| | 9 | 3 | | | 4 | 7 | | 5 |
| | | | 6 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | 1 | | 7 | | |
| | 6 | | 9 | | | | 3 | 1 |
| 3 | 2 | | | | | 4 | | |
| 5 | | | | 7 | | | 2 | |
| 7 | 1 | | | | | | | |
| | | 3 | 1 | | | | 5 | 8 |
| | | | | 9 | 7 | | | 4 |
| | 4 | | 3 | | 8 | | 6 | 7 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 8 | 3 | | | |
| | 6 | 7 | | 9 | | | 2 | 8 |
| | | 5 | | | | 9 | | |
| | | | 8 | | | | 4 | |
| 5 | | | | 3 | | | | |
| 2 | 3 | 4 | 9 | | | | | 1 |
| 4 | | | 1 | | | | 9 | |
| 6 | | 1 | | | | | 5 | |
| | 2 | | 4 | | 5 | | | 6 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. eldhúsáhald
6. tveir eins
8. þangað til
9. stígandi
11. tveir
12. gnægð
14. skadda
16. kúgun
17. lærir
18. flinkur
20. rómversk tala
21. hyggja

**LÓÐRÉTT**
1. klöpp
3. tveir eins
4. kjöt
5. flýtir
7. helber
10. sunna
13. mál
15. sjúkdómur
16. tíðum
19. óreiða

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT: 2.** ausa, **6.** ee, **8.** uns, **9.** ris, **11.** ii, **12.** gnótt, **14.** slasa, **16.** ok, **17.** les, **18.** fær, **20.** lm, **21.** trúa.
**LÓÐRÉTT: 1.** berg, **3.** uu, **4.** snitsel, **5.** asi, **7.** einskær, **10.** sól, **13.** tal, **15.** asmi, **16.** oft, **19.** rú.

## Skák Gunnar Björnsson

Biro átti leik gegn Nicevics í Ungverjalandi árið 1990.
**Hvítur á leik**
**1. Hxf5! Bxc5** (1...gxf5 2. Rge6+).
**2. Hxf7+! Hxf7 3. Re6+ 1-0.**
Minningarmót um Sveinbjörn Óskar Sigurðsson fer fram um helgina á Akureyri.
**www.skak.is:** Guðmundur á EM.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 3 | 4 | 2 | 6 | 5 | 9 | 8 | 1 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 3 | 2 | 4 | 6 |
| 7 | 6 | 4 | 8 | 9 | 5 | 3 | 2 | 1 |
| 2 | 5 | 8 | 1 | 3 | 7 | 4 | 6 | 9 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 6 | 4 | 7 | 5 | 8 |
| 1 | 9 | 5 | 3 | 4 | 8 | 6 | 7 | 2 |
| 8 | 2 | 6 | 5 | 7 | 1 | 9 | 3 | 4 |
| 4 | 3 | 7 | 9 | 2 | 6 | 1 | 8 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 5 | 3 | 8 | 1 | 9 | 4 | 2 | 7 |
| 7 | 8 | 1 | 4 | 2 | 6 | 5 | 9 | 3 |
| 9 | 2 | 4 | 7 | 3 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 8 | 3 | 6 | 5 | 4 | 2 | 1 | 7 | 9 |
| 2 | 4 | 5 | 9 | 7 | 1 | 6 | 3 | 8 |
| 1 | 7 | 9 | 3 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 |
| 3 | 1 | 2 | 6 | 8 | 7 | 9 | 5 | 4 |
| 4 | 9 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 | 6 |
| 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 4 | 3 | 8 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 4 | 9 | 3 |
| 8 | 6 | 2 | 4 | 9 | 3 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 |
| 1 | 2 | 6 | 8 | 4 | 7 | 3 | 5 | 9 |
| 3 | 7 | 8 | 9 | 5 | 1 | 2 | 4 | 6 |
| 4 | 9 | 5 | 2 | 3 | 6 | 8 | 1 | 7 |
| 5 | 8 | 3 | 1 | 6 | 9 | 7 | 2 | 4 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 | 6 | 5 |
| 6 | 1 | 7 | 5 | 2 | 4 | 9 | 3 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

### Móteitur við leiðindum



**Hrafnhildur Arnardóttir** listamaður er rísandi stjarna í heimi alþjóðlegrar myndlistar og hönnunar. Hún verst þunglyndi og almennum leiðindum með sköpun og kímnigáfu.

### Risar mætast

Úrslitaleikurinn í meistaradeildinni fer fram á laugardag þegar **Real Madrid** og **Juventus** etja kappi. Mun sóknarleikur Spánverjanna brjóta á bak aftur sterka vörn Ítalanna?

### Sögur af stöðinni



**Leigubílstjórar** geyma ótal leyndarmál og verða vitni að ótrúlegustu uppákomum, við litum inn á kaffistofu Hreyfils.

### Hátíðlegur bröns í bústað eða heima



**Langt helgarfrí** býður upp á notalegar stundir og þá er góð hugmynd að skella í bröns.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**

# VIÐ KVEÐJUM

30%

TIL

70%

AFSLÁTTUR

#LOKAHÓF #TAKKFYRIR #19ÁR #LAGERSALA

**INTERSPORT AKUREYRI** / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
**INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA** / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 17. SUN. 13 - 17.
**INTERSPORT SELFOSSI** / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®







# Góða skemmtun í bíó










# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 2. JÚNÍ 2017

### Tónlist

**Hvað?** Sing-along
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græna herbergið, Lækjargötu
Kalli Olgeirs mætir galvaskur við flygilinn og stjórnar Sing-Along eins og honum einum er lagið á efri hæðinni. Eftir miðnætti mætir partístjórinn Ásgeir Páll í Kjallarann með 80's og 90's þema og spilar fram undir morgun.

**Hvað?** Blyde Lasses
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** The drunk rabbit, Austurstræti
Dúettinn Blyde Lasses kemur frá Skotlandi og spila þær á The drunk rabbit alla helgina.

**Hvað?** Mugison
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græna hattinum, Akureyri
Enginn annar en meistari Mugison heldur norður yfir heiðar með sína mögnuðu hljómsveit. Hann er að fylgja eftir sinni síðustu plötu „Enjoy“ auk þess sem gömlu perlurnar fá að fljóta með.

**Hvað?** Andrými í litum og tónum
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Listasafn Íslands
Íslenski flautukórinn og Listasafn Íslands standa fyrir hádegistónleikaröð í Listasafni Íslands. Síðasta föstudag hvers mánaðar er boðið upp á fjölbreytta tónlist til þess að vinda ofan af vinnuvikunni og endurræsa skilningarvitin. Flytjendur í dag eru Baldvin Snær Hlynsson, píanó, Bergur Einar Dagbjartsson, trommur, Kristín Ýr Jónsdóttir, flauta og Snorri Skúlason, kontrabassi.



**Mugison fer norður yfir heiðar og skemmtir Akureyringum og nærsveitarmönnum í kvöld með lögum af nýjustu plötunni og eldri perlum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hvað?** Tilbrigði við Hálfvitatónleika
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Café Rosenberg, Klapparstíg
Hörðustu aðdáendur hljómsveitarinnar vita yfirleitt nokkurn veginn að hverju þeir ganga þegar þeir mæta á Rosenberg. Hæfileg blanda af þekktustu smellum, minna þekktum smellum og skvetta af algerlega óþekktum ekkismellum, allt rammað inn með ábyrgðarlausum gamanmálum. Það sem aðdáendur vita hins vegar ekki er að á bak við hvern einasta settlista eru harðvítugar rökræður og á köflum blóðugar illdeilur um hvaða lög skuli spila. Á tónleikunum 2. og 3. júní nk. verður breyting þar á. Hver hálfviti velur tvö lög, algerlega eftir eigin smekk og samvisku. Það má því reikna með vægast sagt óvenjulegum lagalista á þessum tónleikum því smekkur hálfvitanna endurspeglar alls ekki vilja þjóðarinnar. Og þaðan af síður samviskan.

**Hvað?** DJ Árni Kristjáns
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bravó, Klapparstíg
DJ Árni Kristjáns heldur uppi sturluðu partíi á Bravó en það er einmitt þar sem hlutirnir gerast, þannig að það er hægt að gera ráð fyrir að hlutir gerist í kvöld.

### Viðburðir

**Hvað?** Án titils / Untitled - útgáfuhóf
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Marshallhúsinu, Grandagarði
Nýlistasafnið fagnar nýrri bók með verkum og heimildum um starf og framlag listamannsins Ólafs Lárussonar (1951-2014), eins af stofnendum Nýlistasafnsins, og af því tilefni verður þar haldið útgáfuhóf í kvöld. Í bókinni, sem er bæði á íslensku og ensku, er texti eftir Halldór Björn Runólfsson og viðtöl við vini Ólafs og samtímamenn, þar á meðal Hrein Friðfinnsson, Hildi Hákonardóttur, Kees Visser, Kristján Guðmundsson, Magnús Pálsson, Níels Hafstein, Rúrí, Sigurð Guðmundsson og Þór Vigfússon. Í útgáfunni kemur einnig fyrir rödd listamannsins en brot úr viðtölum við Ólaf koma víða fyrir ásamt krónólógíu yfir ævi listamannsins.

**Hvað?** Sprungur: Útgáfupartí
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Útgáfupartí í tilefni af útkomu ljóðabókarinnar Sprungur eftir Jón Örn Loðmfjörð.

**Hvað?** The goonies - föstudagspartísýning
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís, Hverfisgötu
Það verður áreiðanlega tryllt fjör í Bíói Paradís þegar klassíkin The Goonies verður sýnd í kvöld. Það er hægt að kaupa bjór í bíóinu.

**Hvað?** NonfictioNOW
**Hvenær?** 15.45
**Hvar?** Hörpu
NonfictioNOW ráðstefnan, sem helguð er óskálduðu efni af öllum toga, var stofnuð í Bandaríkjunum árið 2005 og er haldin annað hvert ár. Þetta er í fyrsta skipti sem hún er haldin í Evrópu. Höfundar sem halda erindi á ráðstefnunni eru Gretel Ehrlich, Karl Ove Knausgaard, Aisha Sabatini Sloan og Wayne Koestenbaum.

**Hvað?** Vinnusmiðja í tónsmíðum fyrir konur
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Norræna húsinu
Vinnusmiðja í tónsmíðum fyrir stúlkur og konur verður haldin í Norræna húsinu í dag. Þátttaka er ókeypis og fer fram á ensku. Leiðbeinandi er Rune Rebne (NO) kennari í tónsmíðum við Tónlistarháskóla Noregs. Rune hefur haldið vinnusmiðjur í tónsmíðum fyrir stelpur og konur víða um heim með það að markmiði að styrkja stöðu kvenna í tónsmíðum.

HÚSASMIÐJAN

blómaval

# TAX FREE

## AF ÖLLUM SUMARBLÓMUM OG GARÐPLÖNTUM

## AF ALLRI PALLAOLÍU OG VIÐARVÖRN

FÖSTUDAG TIL MÁNUDAGS




SÉRTILBOÐ BLÓMAVALS
Sypris 80-100 cm
**990kr**
~~1.990kr~~

SÉRTILBOÐ BLÓMAVALS
Stjúpur 10 stk.
**990kr**
~~1.790kr~~

# DAGSKRÁ

# Föstudagur




Claire og Ray hafa bæði yfirgefið heim hinnar opinberu leyniþjónustu til að græða meira á köldu stríði á milli tveggja alþjóðlegra stórfyrirtækja. Hörkuspennandi njósnatryllir með Juliu Roberts og Clive Owen í aðalhlutverkum.

FRÁBÆRT
FÖSTUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

**IMPRACTICAL JOKERS**

Sprenghlægilegir bandarískir þættir þar sem fjórir vinir skiptast á um að vera þátttakendur í falinni myndavél.






**THE 33**

Stórbrotin mynd, byggð á raunverulegum atburðum, um það þegar gull og koparnáma, kennd við San José í Chile, hrundi saman þann 5. ágúst 2010 og 33 námuverkamenn lokuðust þar inni í 69 daga.

**SLOW WEST**

Skemmtileg spennumynd um ungan Skota sem ferðast þvert yfir Bandaríkin í leit að Rose, konunni sem hann elskar.



**FÓSTBRÆÐUR**

Hinir stórskemmtilegu og klassísku Fóstbræður fara hér á kostum í íslensku gæðagríni.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.25 Kalli kanína og félagar**
**07.45 Tommi og Jenni**
**08.05 The Middle**
**08.30 Pretty Little Liars**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 Jamie & Jimmy's Food Fight Club** Sjónvarpskokkarnir geðþekku og æskuvinirnir Jamie Oliver og Jimmy Doherty leiða saman hesta sína í stórskemmtilegum þætti þar sem þeir fá til sín góða gesti til að taka áskorunum og bregða einnig á leik með öðrum kokkum þar sem þeir etja kappi í matargerð.
**11.15 The Detour**
**11.40 The Heart Guy**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Intern**
**15.00 Goosebumps**
**16.40 Flúr & fólk**
**17.15 Simpson-fjölskyldan**
**17.40 Bold and the Beautiful**
**18.05 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55 Íþróttir**
**19.10 The Simpsons**
**19.35 Impractical Jokers** Sprenghlægilegir bandarískir þættir þar sem fjórir vinir skiptast á að vera þátttakendur í hrekk í falinni myndavél.
**20.00 Duplicity** Æsispennandi njósnamynd með Clive Owen og Juliu Roberts í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um breska MI6-útsendarann Ray (Owen) og CIA-leyniþjónustukonuna Claire (Roberts) sem hafa bæði yfirgefið heim hinnar opinberu leyniþjónustu og fært sig yfir í einkageirann. Þau fá úthlutað sama verkefninu, að komast yfir formúlu nýrrar vöru sem er margra milljarða virði. Tilfinningar þeirra hvors til annars trufla þau og þau eru því ekki jafn athugul og áður.
**22.05 The 33**
**00.10 The Cell**
**01.40 Django Unchained** Stórbrotin Óskarsverðlaunamynd sem Quentin Tarantino leikstýrir með Jamie Foxx, Christoph Waltz, Leonardo DiCaprio, Kerry Washington og Samuel L. Jackson í aðalhlutverkum. Myndin gerist í suðurríkjum Bandaríkjanna skömmu áður en þrælastríðið braust út. Þýski læknirinn og mannaveiðarinn dr. King Schultz er á höttunum eftir hinum morðóðu Brittles-bræðrum þegar hann hittir þrælinn Django og fær hann til að aðstoða sig við leitina gegn loforði um frelsi. En samstarf þeirra er rétt að byrja. Myndin hlaut tvenn Óskarsverðlaun.
**04.20 The Intern**
**06.20 Rush Hour**

## STÖÐ 2 SPORT

**09.30 Premier League World**
**10.00 Season Highlights**
**10.55 UEFA Champions League**
**12.35 UEFA Champions League**
**14.20 Síðustu 20**
**14.45 Borgunarbikar karla**
**16.25 Borgunarbikarmörkin**
**19.50 Inkasso deildin**
**22.00 Teigurinn**
**23.00 1 á 1**
**23.15 Búrið**
**23.50 Formúla E - Magazine Show**
**00.20 Inkasso deildin**

## STÖÐ 3

**17.30 2 Broke Girls**
**17.50 New Girl**
**18.15 Mindy Project**
**18.40 Modern Family**
**19.05 Fóstbræður**
**19.35 Gilmore Girls**
**20.20 The New Adventures of Old Christine**
**20.45 Silicon Valley**
**21.15 Izombie**
**22.00 Entourage**
**22.30 Fresh Off The Boat**
**22.55 Fóstbræður**
**23.20 Gilmore Girls**
**00.05 The New Adventures of Old Christine**
**00.25 Silicon Valley**
**00.55 Izombie**
**01.40 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Dóra könnuður**
**07.24 Mörgæsirnar**
**07.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.00 Áfram Diego, áfram!**
**08.24 Svampur Sveinsson**
**08.49 Lalli**
**08.55 Rasmus Klumpur**
**09.00 Strumparnir**
**09.25 Hvellur keppnisbíll**
**09.37 Ævintýraferðin**
**09.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**10.00 Víkingurinn Viggó**
**10.11 Zigby**
**10.25 Stóri og litli**
**10.38 Ljóti andarunginn og ég**
**11.00 Dóra könnuður**
**11.24 Mörgæsirnar**
**11.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**12.00 Áfram Diego, áfram!**
**12.24 Svampur Sveinsson**
**12.49 Lalli**
**12.55 Rasmus Klumpur**
**13.00 Strumparnir**
**13.25 Hvellur keppnisbíll**
**13.37 Ævintýraferðin**
**13.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**14.00 Víkingurinn Viggó**
**14.11 Zigby**
**14.25 Stóri og litli**
**14.38 Ljóti andarunginn og ég**
**15.00 Dóra könnuður**
**15.24 Mörgæsirnar**
**15.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**16.00 Áfram Diego, áfram!**
**16.24 Svampur Sveinsson**
**16.49 Lalli**
**16.55 Rasmus Klumpur**
**17.00 Strumparnir**
**17.25 Hvellur keppnisbíll**
**17.37 Ævintýraferðin**
**17.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**18.00 Víkingurinn Viggó**
**18.11 Zigby**
**18.25 Stóri og litli**
**18.38 Ljóti andarunginn og ég**
**19.00 Mörgæsirnar**



Doddi litli og Eyrnastór kl. 07.47, 11.47 og 15.47

## GOLFSTÖÐIN

**08.15 The Memorial Tournament**
**12.15 Golfing World**
**13.05 PGA Highlights**
**14.00 Inside the PGA Tour**
**14.25 The Memorial Tournament**
**18.30 The Memorial Tournament**
**22.30 ShopRite LPGA Classic**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.55 Kramer vs. Kramer** Ted Kramer situr eftir með sárt ennið þegar eiginkona hans Joanna Kramer yfirgefur hann og ungan son þeirra. Ted hefur hingað til lítið sinnt heimilinu og verður nú að taka á honum stóra sínum. Þegar hann hefur loks náð áttum birtist Joanna aftur og krefst þess að fá soninn. Myndin hlaut Óskarsverðlaun fyrir bestu mynd, besta karlleikara í aðalhlutverki, besta handritið, bestu leikstjórn og bestu leikkonu í aukahlutverki.
**13.40 Love and Friendship**
**15.15 How To Train Your Dragon Sequel**
**16.55 Kramer vs. Kramer**
**18.40 Love and Friendship**
**20.15 How To Train Your Dragon Sequel**
**22.00 Slow West** Spennumynd frá 2015 um Jay, ungan skota sem ferðast þvert yfir Bandaríkin í leit að Rose, konunni sem hann elskar. Á ferð sinni kynnist hann útlaganum Silas sem slæst í för með honum sem leiðsögumaður. Jay veit ekki að Rose er eftirlýst og fé sett til höfuðs henni, lífs eða liðinni.
**23.25 Southpaw**
**01.30 The Expendables 3** Hörkutólin eru mætt aftur í þessari frábæru spennumynd frá árinu 2014. Með hlutverk fara Sylvester Stallone, Jason Statham, Harrison Ford, Arnold Schwarzenegger, Mel Gibson og Wesley Snipes.
**03.35 Slow West**

## RÚV

**17.25 Brautryðjendur**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Pósturinn Páll**
**18.16 Kata og Mummi**
**18.30 Jessie**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Saga af strák**
**20.00 Poirot**
**20.55 Parenthood**
**22.55 Nakinn meðal úlfa**
**00.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.23 Dr. Phil**
**09.06 Chasing Life**
**09.48 Jane the Virgin**
**10.35 Síminn + Spotify**
**13.10 Dr. Phil**
**13.50 Man With a Plan**
**14.13 Ný sýn - Sigfús Sigurðsson**
**14.45 Speechless**
**15.09 The Voice USA**
**16.36 King of Queens**
**16.58 The Millers**
**17.19 How I Met Your Mother**
**17.41 Dr. Phil**
**18.24 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**19.10 The Wrong Mans**
**19.40 The Biggest Loser**
**21.10 The Bachelor**
**22.40 Under the Dome**
**23.25 The Tonight Show starring Jimmy Fallon**
**00.05 Prison Break**
**00.50 Ray Donovan**
**01.35 Penny Dreadful**
**02.20 Secrets and Lies**
**03.05 Extant**
**03.50 The Wrong Mans**
**04.20 Under the Dome**
**05.05 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



2.998 kr./kg

**LAMBAPRIME**
verð áður 3.698 kr./kg



1.298 kr./kg

**SVÍNAHNAKKI**
verð áður 1.798 kr./kg



1.998 kr./kg

**LAMBALÆRISNEIÐAR**
verð áður 2.198 kr./kg

# FJARÐARKAUP
# GOTT Á GRILLIÐ



1.498 kr./kg

**FJALLALÆRI**
verð áður 1.698 kr./kg




353 kr./pk.

**ÓÐALS PYLSUR OSTA**
verð áður 448 kr./pk.




1.698 kr./kg

**NAUTAHAKK PAKKAÐ**




388 kr./pk.

**HEIMILISPYLSUR**
verð áður 445 kr./pk.




1.868 kr./kg

**KF BRASILÍA GRÍSAKÓTILETTUR**



3.180 kr./kg

**FL LÆRISNEIÐAR**



2.528 kr./kg

**FL SIRLOINSNEIÐAR**




378 kr./pk.

**BRATWURSTE PYLSUR**
verð áður 418 kr./pk.




1.698 kr./kg

**ALI GRÍSAFILLET**

Snertilausar greiðslur VALITOR

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - Tilvalið gjafakort

FK FJARÐARKAUP

OPIÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudaga. **www.fjardarkaup.is**

FRÉTTABLAÐIÐ
LÍFIÐ

# Júníspá Siggu Kling



**Spáin gildir fyrir júní**

Lengri útgáfa af stjörnuspá á visir.is/SiggaKling

Spáin birtist fyrsta föstudag hvers mánaðar



## Hrúturinn

21. mars–19. apríl

### Nú slaknar á streituorkunni

Elsku Hrúturinn minn, þó að þú hafir lent í mýmörgum hindrunum undanfarið þá sérðu að það eru bara áskoranir. Þú munt brátt finna til svo mikillar gleði eins og þú hafir sigrað í hindrunarhlaupi, og þótt það sé svo margt fram undan, enn þá fleiri hindranir – skaltu nota orðið „spenna“ frekar en „hindrun“ því þetta er bara tilhlökkun fyrir því nýja sem bíður þín. Ég veit að þér finnst margt hafa verið ósanngjarnt, en þetta er bara reynsla í sparifötunum. Þú átt eftir að vera orðheppinn og munt treysta miklu meira á innsæi en áður. Það slaknar á streituorkunni í andliti og herðum og þú munt eiga auðvelt með að taka áskorunum og vinna þær jafnharðan. Snúðu verkefnum þér í vil með því að hafa skemmtilegheit og sýna öðrum að þeir hafi ávinning af því að gera eins og þú segir.



## Nautið

20. apríl–20. maí

### Skrifaðu í dagbók í sumar

Elsku Nautið mitt, það er búið að vera svolítið nautaat í kringum þig svo þér hefur fundist þú þurfa að verja þig með kjafti og klóm. Að vera í varnarstöðu boðar bara gott, það verður ekki skorað í þitt mark á meðan vörnin er góð. Þetta á sérstaklega við um maímánuð svo að júní gefur þér betri sýn og betra yfirlit. Þá sérðu að þú hefur breytt rétt og þó að það sé eitthvað eftir sem þú þarft að passa upp á er eins og sérstakur verndarengill vaki yfir þér og passi þig. Það er mikilvægt fyrir þig að hefja hreinsun á huga og líkama til að skilja hvað sannar tilfinningar eru. Slepptu því að leika þér að eldinum og þar er ég bara að tala um tilfinningar og ástina! Þú ert að fara inn í rómantíska og skemmtilega tíma og mikið sannarlega væri það mikill ávinningur að skrifa dagbók, þó ekki væru nema þrjár setningar á dag.



## Tvíburinn

21. maí–20. júní

### Ræddu markmiðin við aðra

Elsku Tvíburi, sú tilfinning hefur komið upp að þér finnist þú vera að missa máttinn en þú hefur svo einstaka hæfileika að breiða yfir og sýna skemmtilega tilburði. Þú talar við allt fólk eins og þú þekkir það og margt fólk heldur að það þekki þig út og inn, en það er mikill misskilningur. Þú hefur þetta skemmtikraftagen til að hressa alla við og vera stjarnan í partíinu en samt viltu ekki tengja þig of mikið við annað fólk, og alls ekki láta það stjórna þér á neinn máta. Ekki lokast af með hugmyndir þínar, ræddu markmið og áætlanir þínar við aðra og hafðu ekki áhyggjur af því að einhver steli hugmyndum þínum vegna þess að þú ert einstakur og eitthvað mjög merkilegt í sambandi við framtíð þína er að smella saman. Krafturinn þinn er óstjórnlega mikill því þú ert á besta tíma ársins og þessi framkvæmdagleði varir fram á haust.



## Krabbinn

21. júní–22. júlí

### Þú átt gott karma inni

Elsku Krabbinn minn, þú ert það merki sem hefur mest áhrif á fólk í kringum þig – þú ert „the Bold and the Beautiful“. Innra með þér býr líka mikil „business“-týpa, þú kemur þér á óvart frá ári til árs. Að sjálfsögðu hefur þú átt þín erfiðu tímabil eins og allir, en það er í eðli þínu að þó þú fallir kröftuglega á rassinn þá stendur þú upp aftur eins og búmerang. Þetta er besti kraftur sem er nokkurn tímann hægt að hafa svo þú skalt faðma erfiðleikana, það eru þeir sem komu þér þangað sem þú ert! Þú hefur svo litríka framkomu og annaðhvort elskar fólk þig (algjörlega meirihlutinn!) eða reynir að níða af þér skóinn eða eyðileggja fyrir þér, það skaltu bara nota sem eldsneyti. Þú ert svo hvetjandi og mikill kennari, þannig skapar þú þér mjög gott karma. Þannig að ef þú heldur að allt sé að fara til fjandans mun lífið redda því af því að þú átt það inni.



## Ljónið

23. júlí–22. ágúst

### Í þér býr sálfræðingur

Elsku Ljónið mitt, þú tekur þátt í lífinu af ólgandi krafti! Það hafa verið töluverðar sveiflur í kringum þig undanfarið, en alltaf stendur þú upp aftur eins og fallegi bambusinn; bognar en brotnar ekki. Þú byrjaðir í svo merkilegri orku í kringum þann 25. maí og þessi orka á eftir að hækka og sýna þér hvernig þú getur breytt henni þér og öllum þeim sem þú elskar í vil. Þetta er tímabilið þar sem sorgir og sár gróa og þú tekur eftir því að kvíðinn yfir lífinu er ekki nándar nærri eins mikill og þú hefur fundið fyrir áður. Í kringum 9. júní er svo ótalmargt búið að gerast sem bætir hag þinn, þannig að ef þú verður með áhyggjur af einhverju þá mundu að áhyggjur eru einskis nýtar! Þú munt aldrei svíkja þá sem þú elskar, það er í eðli þínu því þú ert með hjarta úr gulli. Það er líka gaman að segja þér að þú munt hjálpa öðrum að finna út úr sínum ástar- eða vandamálum, því að í þér býr sálfræðingur.



## Meyjan

23. ágúst–22. september

### Þú mátt vera kærulaus

Elsku Meyjan mín, það er búin að vera mikil og há tíðni hjá þér og þú þolir illa að bíða. Þér finnst eins og hlutirnir hafi ekki gengið upp eins og þú vildir. Ég minni þig á að það er bara smá seinkun á fegurðinni sem þú vissir að væri á leiðinni, hún er að banka upp á. Það er svo oft þannig að lausnirnar á öllu þessu erfiða í lífinu eru beint fyrir framan nefið á manni. Þú átt það til að leita langt yfir skammt. Og eins og þú getur verið sterk og veist þú átt ekki að láta annað fólk fara í taugarnar á þér, þá býr svo mögnuð tilfinning í þér því í raun og veru hefurðu lítið lóuhjarta. Þú ert svo sannarlega í sterkasta merkinu en hjartað mitt, leyfðu þér að vera svolítið kærulaus og afslöppuð! Og mundu þessa sterku setningu sem þú ættir að segja hvern dag: „Ég læt lífið leysa þetta fyrir mig.“ Þú skalt svo alveg sleppa því að búast við í eina mínútu að aðrir muni gera daginn þinn ánægjulegri.



## Vogin

23. september–22. október

### Gefðu þér tíma til að fagna

Elsku Vogin mín, það er mjög mikil spenna í loftinu og ef þú notar hana rétt þá mun hún breytast í orku. Þú vinnur allra best undir pressu svo vertu ánægð og þakklát fyrir pressuna. Það verða mörg „wake up calls“ í kringum þig og þú finnur kraftinn koma, en þú þarft reyndar að ganga frá málum sem tengjast fólkinu í kringum þig fyrst. Það virðist vera sem þú þurfir að hefja einhvers konar uppgjör, illu er best af lokið. Kláraðu það sem þér finnst leiðinlegt því þá mun það að minnsta kosti ekki flækjast fyrir þér meira. Gefðu þér því tíma til að fagna og eftir því sem þú fagnar meira færðu meiri fegurð inn í lífið. Í útgeislun ertu með svipaðan ljóma og Amor, ástarengillinn sjálfur. Svo þú skalt hugsa um það sem þú vilt og skrifa það svo niður, því þá stimplast óskirnar betur inn í orkuna þína. Og skoðaðu vel það sem þú skrifar niður, því þá skilur þú miklu betur hvað það er sem þú óskar þér.



## Sporðdrekinn

23. október–21. nóvember

### Hættu að ofhugsa

Elsku Sporðdrekinn minn, það væri svo rosa gott fyrir þig að hætta bara að hugsa. Allt of margar hugsanir og pælingar skapa í raun bara rykugan heila. Þú magnar upp allt sem þú hugsar og síendurteknar hugsanir af hinu sama þreyta þennan sólríka persónuleika þinn. Við hugsum 65 þúsund hugsanir á hverjum degi og í 90% tilfella eru þetta sömu hugsanirnar og í gær, þetta getur haft lamandi áhrif. Hvatvísin og fljótfærnin á það svo til að skemma fyrir þér, svo teldu upp að tíu áður en þú sendir skilaboð út eða lætur fólk fara í taugarnar á þér, fólk sem þú jafnvel þekkir ekki neitt. Gefðu þessu tímabili mikla þolinmæði því „þolinmæði“ er lausnarorðið til að allt fari eins og þú vilt. Það er gott fyrir þig að hafa marga bolta á lofti, geta svolítið hlaupið úr einu í annað í staðinn fyrir að vinna bara í einu í algjöru í öryggi. Það er svo ótalmargt sem þú getur, en þú þarft bara að gera þér grein fyrir því.



## Bogmaðurinn

22. nóvember–21. desember

### Hentu þér í djúpu laugina

Elsku Bogmaðurinn minn, þú leggur svo mikla orku í að gera allt vel og ná árangri og þú hefur bæði hæfileika til að vera undirmaður og yfirmaður. Það er hins vegar alveg öruggt að þú átt eftir að vera sjálfstæðari en þú nokkurn tímann hélst. Það sem stoppar þig stundum er að þér hættir til að setja annað fólk í lífinu þínu á of háan stall og finnast það vera svo miklu merkilegra en þú og það sem í þér býr. En ef þú skoðar hlutina vel þá hefur þú meiri hæfileika en þú getur ímyndað þér og ef þú myndir peppa þig jafnmikið upp og þú reynir að peppa upp fólkið í kringum þig, þá myndi ekkert stoppa þig! Þú getur náð árangri í hvaða keppni sem er, ef þú bara setur hugann í það. Þú hefur miklu meira úthald en hin merkin svo hentu þér út í djúpu laugina. Að taka áhættu er það sem lyftir upp Bogmanninn, ef þú tekur enga áhættu þá fyllist þú andleysi. Í ástarmálunum getur þú náð þér í hvaða manneskju sem er, þú hefur nefnilega svo tindrandi húmor og aðdráttarafl.



## Steingeitin

22. desember–19. janúar

### Þú laðar að þér flott fólk

Elsku Steingeit, það er búið að vera mikið að gera hjá þér og verkefnin hafa hlaðist upp. En það þýðir ekkert að reyna að klára málin á allt of skömmum tíma, þú hefur nægan tíma og óskir þínar sem þú varst svo hrædd um að myndu ekki uppfyllast eru að koma til þín hver á fætur annarri. Þú ert alltaf svo flott og mikil týpa að fólk í kringum þig dáist að þér og hefur þá hugmynd um þig að þú hafir svo miklu meira en þú sjálf gerir þér grein fyrir. Vanmáttur einkennir þig oft, en það er orð sem á ekki að vera í þínu merki. Þú laðar að þér svo flotta vini sem eru svo miklar týpur og fólk er algjörlega þitt áhugamál. Þú þarft ekki að breiða yfir einföld mistök sem þú kvíðir að aðrir frétti af. Öll mistök munu gera þig merkari svo hafðu bara húmor fyrir sjálfum þér og gerðu grín að aðstæðum því það skiptir öllu máli hvernig þú tekur aðstæðum því þá smitarðu þeim skoðunum til allra í kringum þig – þú ert það sem þú hugsar.



## Vatnsberinn

20. janúar–18. febrúar

### Gefðu ástinni tíma

Elsku Vatnsberinn minn, þú ert eitthvað svo hress-andi. Þú hefur bæði skemmtilegan húmor og andlega sál. Þú nýtur þín náttúrlega langbest í að vera stjórnandi, bæði í vinnunni og á heimilinu, án þess að vera með yfirgang. Þú ert samningamaður í eðli þínu og átt mjög ólíka vini. Þú þolir enga leti og sérstaklega ekki hjá sjálfum þér en í sumar skaltu skoða það að leti er sexí, að hvíla sig er mikilvægt og að sofa er eitthvað sem á að vera í uppáhaldi hjá þér. Þú ert búinn að hræðast einhverja stöðu sem þú ert búinn að koma þér í en það er bara ímyndun hugans að þú eigir eftir að dvelja í henni. Svo margir hlutir eru að smella saman, reyndar alveg á síðustu stundu, en hversu spennandi væri lífið ef allt væri eins og í bíómynd? Þú ert ósigrandi en þarft að nota svolitla kænsku eins og stríðsmenn þurfa til að ná árangri. Það eru miklu fleiri í þínu lífi en þú sérð. Ástin er þarna, gefðu henni tíma.



## Fiskarnir

19. febrúar–20. mars

### Áhyggjurnar í sjóinn

Elsku Fiskur, þú ert að fara inn í svo spennandi og freistandi tíma og þú finnur að lífsgleðin er að magnast í þér. Sumarið þitt verður eins og hinn besti þjóðhátíðarsmellur og þú sérð lífið í öðrum litum og betra ljósi. Þú öðlast þessa innri ró sem er þér svo mikilvæg og þú tekur þetta sumar með trompi. Að sjálfsögðu verða einhverjar pestir í kringum þig en þú ert svo uppveðraður af lífinu sjálfu að það mun ekki ná neinum tökum á þér. Þó þér finnist þú eyða um efni fram gerir það ekkert til, því heppnin fylgir þér og þú færð allt svo margfalt til baka. Eftir því sem þú eldist, gengur þér betur. Það er svolítið í eðli þínu að hafa sjóð, því það er þinn öryggisventill. Allt sem tengist vatni skiptir svo miklu máli ef þig vantar orku, þú ert náttúrulega fiskur – farðu í sund, sittu við sjóinn á þínum eigin sérstaka stað. Hentu áhyggjunum í sjóinn, snúðu við, farðu heim, og sjáðu að það breytist eitthvað.

# LEIGU MARKAÐUR

**KÆRU VIÐSKIPTAVINIR!**
LEIGUMARKAÐURINN ER FLUTTUR Í BETRA RÝMI HINUM MEGIN VIÐ GÖTUNA.
**- SJÁUMST ÞAR!**




**Kostir þess að leigja tæki hjá Leigumarkaði eru meðal annars:**

- Engin kostnaðarsöm fjárbinding
- Enginn kostnaður vegna vinnutaps ef eigin vélar bila
- Enginn afskriftarkostnaður
- Engin þörf á geymsluplássi
- Enginn viðgerðarkostnaður
- Engin óáreiðanleg tæki sem sjaldan eru sett í gang
- Engin umboðslaun þegar selja þarf tæki

**Hjá okkur er frábært úrval af flestum tækjum og tólum til framkvæmda, t.a.m:**

- Kerrur
- Sláttuvélar og hekkklippur
- Fjöldi ólíkra verkfæra
- Jarðvegsþjöppur
- Smágröfur
- Öryggisgirðingar
- Og margt fleira!

**ÞÚ SÉRÐ VÖRUÚRVAL OG FREKARI UPPLÝSINGAR Á WWW.BYKO.IS**

LOKAÐ HVÍTASUNNUDAG - OPIÐ 10-14 ANNAN Í HVÍTASUNNU

**VIRKA DAGA 8-18** | **LAUGAR-DAGA 10-16** | **SUNNU-DAGA 11-16**




**LEIGUMARKAÐUR**
SKEMMUVEGI 2A
200 KÓPAVOGI
515-4020 / LM@BYKO.IS






Flíkur með Gucci-lógóinu eru mjög vinsælar um þessar mundir.



# Ævintýralegt frá Gucci






Hvítir sokkar og mokkasínur, áhugavert.





Ítalska tískuhúsið Gucci hefur gengið í gegnum endurnýjun lífdaga síðan Alessandro Michele tók við stöðu yfirhönnuðar merkisins. Gucci sýndi á dögunum Cruise-línu sína fyrir vorið 2018 í Flórens sem var veisla fyrir augað þar sem hvert smáatriði var úthugsað. Mynstur, litagleði, forvitnilegir fylgihlutir og götutíska í bland við hátísku eins og tískuhúsinu einu er lagið. Leyfum myndunum að tala sínu máli – ævintýralegt.



Munstur ofan á fleiri munstur. Meira er meira ef marka má tískupallinn hjá Gucci.







Sýningin fór fram í gullfallegu umhverfi, Palazzo Pitti í Flórens.



GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter




www.netto.is

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss








# Föstudags-playlisti Lífsins

## Kött Grá Pjé

TÓNLISTARMAÐUR OG RITHÖFUNDUR

Kött Grá Pjé er með ýmislegt í gangi um þessar mundir en hann var að enda við að gefa út lag Dags rauða nefsins sem hann gerði með söngkonunni Karó og fleirum og í kvöld spilar hann ásamt Hatara á skemmtistaðnum Húrra.

Föstudagsplaylista Lífsins má einnig finna á Spotify undir notandanafninu Vísir.

PLAY FOLLOW

| LAG | FLYTJANDI |
|---|---|
| I love the sound of breaking glass | Nick Lowe |
| Give me the night | George Benson |
| Everybody plays the fool | The Main Ingredient |
| My old piano | Diana Ross |
| Rock your baby | George McCrae |
| Golden years | David Bowie |
| I wanna dance with somebody | Whitney Houston |
| Long train running | Richie Havens |
| Makin'it | David Naughton |
| You make my dreams | Daryl Hall & John Oates |

# Tóku upp myndband í Costco

Joey Cypher nefnist fyrsta lagið af mixteipi **Joey Christ**. Myndbandið við lagið var tekið upp í Costco þar sem þeir Jóhann, Birnir, Herra Hnetusmjör og Aron Can leika á als oddi.



Joey segist hafa verið að leita nýrra leiða til að upplifa Costco við gerð myndbandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Því að það eru allir í Costco, maður! Mér fannst það bara liggja beint við. Við vorum þarna að fikta í einhverjum ostum, kíktum aðeins inn í kælinn og apótekið – við vorum að leita að nýrri leið til að upplifa búðina. Síðan eru svo ógeðslega margir í Costco þannig að það er fínt að vera með skemmtiatriði þarna,“ segir Joey Christ eða Jóhann Kristófer Stefánsson, eins og mamma hans kallar hann alltaf, en hann var að gefa út glænýtt myndband við lagið Joey Cypher.

Lagið er stútfull af góðum gestum en með honum í laginu og myndbandinu eru þeir Birnir, Herra Hnetusmjör og Aron Can en eins og alþjóð veit hafa þessir menn allir verið að gera það gott í rappbransanum upp á síðkastið. Myndbandið var tekið upp í versluninni Costco – sem hefur verið töluvert á milli tannanna á fólki síðustu tvær vikurnar eins og vonandi hefur ekki farið fram hjá neinum.

*Var ekkert verið að skammast í ykkur fyrir að vera með einhvern fíflagang þarna í versluninni?* „Nei, nei, við vorum bara beðnir að hætta að veipa, það var alveg sjálfsagt mál. Það tóku þessu allir furðu vel, ég bjóst einhvern veginn við að þetta yrði meira vesen en það svo varð.“

*Þetta lag verður á mixteipinu þínu sem fer að koma út – hvenær getum við átt von á því?* „Það kemur í júní. Það verður hellingur af gestum á þessu – kannski ekki allir, en þeir sem hafa virkilega verið „poppin“ undanfarið verða þarna til staðar.“

**stefanthor@frettabladid.is**

# Jóhannes í góðum félagsskap á setti



Það er óhætt að segja að leikarinn Jóhannes Haukur Jóhannesson sé búinn að vera að gera það gott í leiklistarheiminum, og hann heldur áfram. Jóhannes var nefnilega að landa hlutverki í kvikmyndinni The Sisters Brothers sem kemur út á næsta ári. Hinn franski Jacques Audiard mun leikstýra myndinni og með aðalhlutverk fara þeir Jake Gyllenhaal, Joaquin Phoenix, John C. Reilly og Riz Ahmed. Það er því ljóst að Jóhannes verður í flottum félagsskap þegar tökur hefjast.

Jóhannes mun halda til Spánar á næstu dögum en tökur munu fara fram í Tabernas á Suður-Spáni.

Eins og gengur og gerist í kvikmyndabransanum er Jóhannes bundinn trúnaði um verkefnið og má ekki tjá sig um hlutverkið að svo stöddu. En samkvæmt Árna Birni hjá Creative Artists Iceland, umboðsmanni Jóhannesar á Íslandi, fór Jóhannes í prufu fyrir myndina í London ekki alls fyrir löngu og hún hefur greinilega gengið vel.

Þess má geta að The Sisters Brothers er vestri sem byggð er á samnefndri bók eftir Patrick deWitt. **– gha**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




MIÐASALA HEFST 8. JÚNÍ KL. 10:00 Á HARPA.IS OG TIX.IS

# FRÁBÆR KAUP!




**GJØCO**
INNIMÁLNING & VIÐARVÖRN
**25%**
AFSLÁTTUR
til 7. júní

**PHOENIX**

## TILBOÐSVERÐ

**KVENHJÓL 26"** - 6 gíra með brettum,bögglabera og körfu.

**24.995kr.**

49620201
Almennt verð: 28.995kr.



#1 VINSÆLASTA HJÓLIÐ Í BYKO

## TILBOÐSVERÐ

**STJÚPUR** - 10stk í bakka.

**985kr.**

55092000
Almennt verð: 1.295kr.

BARA Í BREIDD





7,3 kw · 2 brennarar

**GRILLPRO**

ÞÚ SPARAR 6.000kr.

## TILBOÐSVERÐ

**GRILL PRO** gasgrill, 7,3 kW, eldunarsvæði: 2550 cm2. Postulínhúðaðar grillgrindur. Álhúðað stál eldunarkerfi. Tveir ryðfríir brennarar. Accu-flow gaskranar. Sure-LiteTM elektrónískt kveikikerfi.

**23.995kr.**

50657522
Almennt verð: 29.995kr.



11,4 kw · 3 brennarar

**barbecook**

## TILBOÐSVERÐ

**SPRING 300** gasgrill, 11,4 kW. Grillflötur er 3x(21 x 43) cm, emileraðar grillgrindur, krómuð efri grind, 3 brennarar, hitamælir í loki. Svart eða kremað.

**34.995kr.**

ÞÚ SPARAR 15.000kr.

50686930/1
Almennt verð: 49.995kr.



**Broil King** Great Barbecues Every Time

8,8 kw · 3 brennarar

## TILBOÐSVERÐ

**MONARCH 320** 8,8 kW, eldunarsvæði: 3350 cm². Mjög sterkar grillgrindur úr pottjárni. Ryðfrítt Flave-R-Wave™ eldunarkerfi. Þrír ryðfríir Dual-Tube™ brennarar. Linear-Flow™ stillanlegir gaskranar. Sure-Lite™ elektrónískt kveikikerfi. Deluxe Accu-Temp™ hitamælir í loki.

**52.895kr.**

ÞÚ SPARAR 10.000kr.

50657510
Almennt verð: 62.895kr.



**Broil King** Great Barbecues Every Time

11,4 kw · 4 brennarar

## TILBOÐSVERÐ

**CROWN CART 410** gasgrill 11,4 kW, eldunarsvæði: 4.155 cm². Mjög sterkar grillgrindur úr pottjárni. Ryðfrítt Flave-R-Wave™ eldunarkerfi. Fjórir ryðfríir Dual-Tube™ brennarar. Linear-Flow™ stillanlegir gaskranar. Sure-Lite™ elektrónískt kveikikerfi. Accu-Temp™ hitamælir í loki.

**55.995kr.**

ÞÚ SPARAR 14.000kr.

50657514
Almennt verð: 69.995kr.

**weber**



6,35 kw · 2 brennarar

FRÁBÆRT VERÐ!

**Q3200** steingrátt, létt og meðfærilegt gasgrill, 6,35 kW/h, 21.700 BTU, stór grillflötur, postulín-glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni, hitamælir í loki, 63 x 45 cm grillflötur, efri grind: 40 x 11 cm, grill fast á hjólavagni, niðurfellanleg hliðarborð, kryddskúffa í hliðarborði, rafstýrður uppkveikjurofi, ljós í handfangi, álbakki fyrir fitu, gaskútagrind (hámark 5kg)

**69.995kr.**

50650023



**NAPOLEON ROGUE**

10,6 kw · 3 brennarar

## TILBOÐSVERÐ

**ROGUE R425** gasgrill, 10,6 kW 3 aðalbrennarar, grillgrind 60 x 45 cm Dual-Level ryðfríar hitadreifigrindur, JETFIRE™ kveikju-kerfi, WAVE™ grillgrindur úr pottjárni, ACCU PROBE™ hitamælir.

**79.995kr.**

ÞÚ SPARAR 20.000kr.

506600036
Almennt verð: 99.995kr.



**MIKIÐ ÚRVAL GRILLFYLGIHLUTA**



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gildia til 7. júní eða á meðan birgðir endast.



TILBOÐSVERÐ

**SHOGUN** 26" kvenmanns reiðhjól, 21 gíra Shimano.

**33.995kr.**

49620078-9
Almennt verð: 39.995kr.



TILBOÐSVERÐ

**SUPER EÐA ROCK CANDY** reiðhjól 20", 7 gíra

**29.995kr.**

49620111-2
Almennt verð: 35.995kr.



TILBOÐSVERÐ

**TRAIL BLASER** reiðhjól 24", grænt eða fjólublátt

**32.295kr.**

49620076-7
Almennt verð: 37.995kr.

TILBOÐSVERÐ

**JOURNEY** reiðhjól 26", 21 gíra Shimano diskabremsur.

**33.995kr.**

49620235
Almennt verð: 39.995kr.



TILBOÐSVERÐ

**KARLHJÓL** 28", 6 gíra með brettum og bögglabera.

**24.995kr.**

49620200
Almennt verð: 28.995kr.





TILBOÐSVERÐ

**JADE ANGEL** 26", 6 gíra með körfu, brettum og bögglabera.

**41.995kr.**

49620232
Almennt verð: 49.995kr.




**GRÓÐURMOLD** 40 l.

**985kr.**

55097032




**BLÁKORN** 5 kg.

**1.295kr.**

55095007

# PALLA-LEIKUR BYKO

## Vertu með!

1. ÞÚ KAUPIR GAGNVARIÐ PALLAEFNI FYRIR 50.000 KR. EÐA MEIRA Á TÍMABILINU 1. MAÍ - 17. ÁGÚST 2017.
2. ÞÚ SKRÁIR NÓTUNÚMER OG AÐRAR NAUÐSYNLEGAR UPPLÝSINGAR Á www.byko.is/pallaleikur
3. ÞÚ ERT KOMINN Í POTTINN OG GÆTIR UNNIÐ VEGLEGA VINNINGA!

Vinningshafar eru kynntir á Facebooksíðu BYKO á hverjum föstudegi frá 14. júlí.



## 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM REGNFATNAÐI





## 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LJÓSUM OG PERUM





Skoðaðu úrvalið í vefverslun BYKO

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Jóhanns Óla Eiðssonar



## Hryðjuverk

Líkt og flestir fylgdist ég með fréttum af hryðjuverkum nýliðinna daga. Kabúl, Bagdad og Manchester. Börn á tónleikum, fólk að bíða í röð eftir ís eða á leið til vinnu. Um mig fór hrollur.

Alltaf þegar slíkar árásir eiga sér stað verð ég kvíðinn. Hver verða viðbrögðin hjá þeim sem stýra hér heima eða herjum heimsins? Það virðist nefnilega vera viðurkennd skoðun að hryðjuverkasamtök séu eitthvað sem hægt sé að slökkva á líkt og álver. Það hefur mér alltaf þótt undarlegt því þau minna mig meira á ófreskjuna Hýdru eða sprotafyrirtæki. Með því að drepa eitt þá býrðu þrjú ný til.

Ég held, án þess að hafa lagst í nokkra empíríska skoðun á því efni, að hryðjuverk séu oft birtingarmynd á vanda sem þrífst í flestum samfélögum. Stundum birtist vandinn í því að fólk lokar sig af, aðrir drekka hann í burtu og sumir fyrirfara sér. Enn aðrir ákveða að taka fleiri með sér.

Sjálfur hef ég verið í þeirri aðstöðu að reyna að stytta mér aldur. Þessi pistill er vitnisburður um að það gekk ekki vel. Skömmu síðar hugsaði ég ekki aðeins um að meiða mig heldur líka um að meiða aðra. Ég sá svo litla von til þess að mér myndi einhvern tímann líða betur að það eina sem ég vildi gera var að láta öðrum líða eins illa og mér. Ég vil helst ekki hugsa þá hugsun til enda hefði öryggisnet mitt hvatt mig áfram, líkt og hryðjuverkasamtök, í stað þess að koma mér til fagfólks.

Bottomlæn. Reynum að komast hjá jaðarsetningu, útilokun og að ýta fólki fram af einhverri brún. Reynum frekar að hjálpa, því og okkur til bóta.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

333 kr á dag*

*9.990.- á mánuði.
365.is | Sími 1817 365




AÐ SOFA BETUR OG LÍÐA BETUR ER OKKUR ÖLLUM DÝRMÆTT
STILLANLEGIR DAGAR

ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING

- LED-vasaljós
- Klukka
- Vekjaraklukka
- Upp/niður höfðalag
- Upp/niður fótasvæði
- Rúm í flata stöðu
- 2 minni
- Nudd
- Bylgjunudd



DÝPRI OG BETRI SVEFN
Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarksslökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærð/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

STILLANLEG RÚM – VERÐDÆMI
Með tveimur Serta Therapist heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 589.800
Tilboð 442.350 kr.
Með Tempur Micro Tech Hybrid heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 649.800
Tilboð 487.350 kr.

STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C&J:
· Inndraganlegur botn
· Lyftigeta yfir 2 x 450 kg per botn
· Mótor þarfnast ekki viðhalds
· Tvíhert stálgrind undir botni
· Tveir nuddmótorar með tímarofa
· Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi
· LED lýsing undir rúmi
· Hliðar og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 www.betrabak.is
Betra BAK